



Ársskýrsla HSH 2009



72. Héraðsþing HSH

Stykkishólmur 23. febrúar 2010



Landsbankinn

Ársskýrsla HSH 2009

Umsjón með útgáfu: Garðar Svansson

Prófarkalestur: Garðar Svansson

Umbrot og prentun: Steinprent ehf.

Forsíðumynd: Vinnuþjarkur HSH 2008,
meistaraflokkur kvenna í körfu hjá Snæfell.

Upplag: 80 eintök

Skýrsla stjórnar:

- 3 Skýrsla formanns
- 3 Stjórn HSH
- 4 Íþróttamenn HSH 2009
- 5 Vinnuþjarkur HSH 2009
- 6 Heiðursviðurkenningar

Fundir, þing og námskeið:

- 7 46. sambandsþing UMFÍ
- 7 Íþróttþing ÍSí 2009

Ýmsar upplýsingar:

- 8 Fréttapunktur frá ÍSí
- 9 Fréttapunktur frá UMFÍ
- 13 Aðildarfélög og formenn félaga
- 13 Lottó úthlutunarreglur HSH
- 13 Stærð félaga og tekjur af lottói

Skýrslur nefnda og ráða HSH

- 14 Knattspyrnuráð
- 14 Fótoltasamstarfið
- 16 Landsmótsnefnd
- 16 Sundráð

Skýrslur aðildarfélaga HSH:

- 19 Golfklúbbur Staðarsveitar
- 19 Hestamannafélagið Snæfellingur
- 20 UMF. Grundarfjörður
- 22 UMF. Snæfell
- 26 UMF. Staðarsveit
- 26 UMF. Víkingur
- 27 UMF. Reynir

29 Ársreikningar:



Skeljungur

Skýrsla stjórnar

Skýrsla formanns

Ágætu félagar.

Árið sem nú er liðið var gott íþróttaár fyrir Snæfellinga. Góður árangur náðist á íþróttavellinum bæði í leik og keppni. Þrátt fyrir þrengingar í samfélaginu þá stendur HSH og aðildarfélög sterk eftir árið 2009.

Góð stjórnun og aðhald í útgjöldum hefur tryggt gott starf án þess að skerða þjónustu og kraft í keppni. Árið 2009 var gott ár fyrir íþróttir á Snæfellsnesi, starfið hefur aukist og styrkt í gegnum tíðina. En eins og allir vita þá hefur kreppan snert Snæfellinga aðeins. Unglingalandsmót UMFÍ sem halda átti í Grundarfirði 2010 hefur verið aflýst þar sem ekki tókst að verða við óskum UMFÍ um aðstöðu til keppnishalds. Áður hafði mótinu verið frestað um eitt ár af sömu ástæðu. Var það von stjórnar HSH að með keppnishaldi í Grundarfirði og uppbyggingu íþróttamannvirkja á staðnum gæti styrkt það góða starf sem unnið er og jafnframt bætt aðstöðu til æfinga og keppni í frjálsum íþróttum auk annar íþróttagreina. HSH hefur lagt góða vinnu í undirbúning mótshalds ULM í Grundarfirði og er ætlun HSH að sækja um aftur keppnishald í náninni framtíð þegar framkvæmdum er lokið. ULM er skemmtilegt og krefjandi verkefni sem

Snæfellingar geta leyst með sóma með góðri samvinnu. Á því ári sem nú er liðið urðu breytingar starfsmannahaldi HSH, en samningi við Knattspyrnusamstarfið var sagt upp að loknu sumarstarfi og þökkum við Eygló Jónsdóttir fyrir gott starf fyrir HSH. Garðar Svansson form HSH tók að sér framkvæmdarstjóra starfið að sinni. 2 þing sem fulltrúar HSH sóttu voru haldin á árinu. Íþróttaping ÍSÍ var haldið í apríl á Hótel Hilton og átti HSH 2 þingfulltrúa. Í október var Sambandsþing UMFÍ haldið í Keflavík. Á því þingi átti HSH 5 fulltrúa. Að auki sóttu fulltrúar HSH þing Sér sambanda og fyrirlestra um íþróttamálefni. Stjórn HSH fundaði 11 sinum á árinu, varafulltrúar voru boðaðir eins og stjórnarmenn. Góður andi er í stjórn HSH og gaman að fá vararmenn með á fundi, með nýju fólki koma nýjar hugmyndir. Því miður náðist ekki það markmið að halda rekstri HSH réttu megin við núllið. Ástæður þessa eru nokkra og hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja að rekstur þessa árs verið með ásættanlegri niðurstöðu. Framundan er mikið og skemmtilegt starf við áframhaldandi uppbyggingu íþróttastarfs á sambandsvæðinu. Verkefni sem HSH og aðildarfélög takast á hendur með bros á vör.

Garðar Svansson

Stjórnarfundir HSH 2009	1 fundur	2 fundur	3 fundur	4 fundur	5 fundur	6 fundur	7 fundur	8 fundur	9 fundur	10 fundur	11 fundur	Samtals
Stjórnarmenn	3 feb.	11. Mar	14. Apr	7. maí	8. Jún	21. Jul	18. Aug	20. Okt	10. Nov	30. Nov	8. Dec	
Hermundur Pálsson	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	10
Garðar Svansson	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	10
Hjörleifur K. Hjörleifsson	X	X		X		X	X	X	X	X	X	9
Alexander Kristinsson		X	X	X		X	X	X	X			7
Tómas Kristjánsson			X		X	X	X	X		X	X	7
Eygló Bára Jónsdóttir	X	X	X	X								4
Edda Sóley Kristmansdóttir				X				X			X	3
Guðbjörn Egilsson				X	X				X			3
Pétur V. Georgsson												

Stjórn HSH starfsárið 2009 - 2010

Garðar Svansson	formaður	UMFG
Hermundur Pálsson	v. formaður	Snæfell
Hjörleifur Kr. Hjörleifsson	meðstjórnandi	Snæfell
Alexander Kristinsson	ritari	Reyni
Tómas Freyr Kristjánsson	gjaldkeri	UMFG

Varastjórn	
Pétur Vilbergur Georgsson	varastjórn
Gunnar Sturluson	varastjórn
Guðbjörn Egilsson	varastjórn
Garðar Svansson	framkvæmdastjóri
	Vestarr
	Snæfelling
	Víking

Garðar Svansson tók við starfi framkvæmdastjóra HSH 1 september.

Skoðunarmenn reikninga: Gunnar Kristjánsson
Kristján Guðmundsson

Íþróttamenn HSH 2009

Eftirtaldir íþróttamenn voru tilnefndir af sínum aðildarfélögum og/eða fagráðum HSH til kjörsins.

**Körfuknattleiksmaður HSH 2009 og
íþróttamaður HSH 2009**
Hlynur Bæringsson



Knattspyrnumaður HSH 2009
Brynjar Gauti Guðjónsson Víking



Blakmaður HSH 2009
Jóhann Eiríksson Víking

Eiríkur Gautsson faðir Jóhanns tók við viðurkenningunni



Hestíþróttamaður HSH 2009
Siguroddur Pétursson, Snæfelling



Kylfingur HSH 2009
Dóra Henriksdóttir Vestarr



Myndir tók Þorsteinn Eyþórsson

Vinnuþjarkur HSH 2009.

Getraunastarfið hefst í ágúst. Fljótlega eru settir af stað tveir getraunaleikir áskorendaleikur og hópleikur. Mætum kl 10.00 á laugardögum í Íþróttahúsið þar sem Stjáni gerir klárt til að menn geti tippað en Tóta fer í eldhúsið og gerir klárt kaffi og meðlæti. Opið er til kl 13.00. Síðan er beðið eftir úrslitum í ensku leikjunum svo að hægt sé að reikna út stig í hópleiknum. Áskorendaleikurinn gengur út á að bátarnir í Snæfellsbæ keppa við fyrirtæki í landi, sá sem tapar skorar á annan, ef um bát er að ræða þarf hann að skora á annan bát.

Í áskorendaleiknum þarf að svo þegar úrslit eru komin að hringja í menn til að láta vita hver hefur unnið og hver tapað og fá svo næstu áskorun sem þarf að vera kominn í síðasta lagi á hádegi á þriðjudögum svo að hægt sé að setja upplýsingar um leikinn í bæjarblaðið Jökul. Á hverjum þriðjudegi skrifar Stjáni grein í bæjarblaðið Jökul og segir frá báðum leikjunum og minni á hin ýmsu atriði sem snúa að getraunastarfinu svo sem félagsnúmeri og fl. Nokkuð vel hefur gengið að fá verðlaun í leikina sem eru af ýmsum toga svo sem hótél gisting og fl. Getraunastarfinu líkur um miðjan maí með verðlaunaafhendingu. Sumarstarfið byrjar oftast á því að við hringjum eða sendum tölvupósta í fyrirtæki til að safna auglýsingum á völinn fyrir sumarið. Þegar nálgast leikdag fer Tóta í búð og verslar inn til að hafa hlaðborð fyrir leikmenn og starfsfólk. Þetta útheimtir mikla vinnu því að hlaðborðið er undirbúið í eldhúsinu heima hjá þeim hjónum. Tveimur tímum fyrir leik er síðan farið með allt sem á að vera á hlaðborðinu í Íþróttahúsið þar sem Tóta sér um að setja kræsingarnar á borð og smyr brauð sem sett er í klefa hjá dómurum leiksins ásamt ýmsu öðru góðgæti. Á meðan Tóta sér um þetta setur Stjáni búninga fyrir leik-

menn í klefann og raða þeim eftir kúnstarinnar reglum, síðan er Stjáni í gæslu á meðan leik standur. Eftir leik er svo frágangur á öllum sem tekur yfirleitt nálægt tveimur tímum. Þau hjónin hafa leysa öll verkefni sem þau eru beðin um að vinna fyrir Víking í gegnum árin eins vel og hægt er.

Kær Víkings kveðja, Stjáni og Tóta.

(Kristján Björgvin Ríkharðsson og Þórunn Björg Einarsdóttir)



SJÓVÁ

Frá ÍSÍ

Þjónustumerki

Kristján Jónsson 1963

Silfurmerki

Kristján Þórðarson 1997

Eggert Kjartansson 1998

Elfa Ármannsdóttir 1998

Ríkharður Hrafnkelsson 2003

Garðar Svansson 2003

Páll Guðmundsson 2007

Kristín Halla Haraldsdóttir 2008

Gullmerki

Magnús Alexandersdóttir 1987

Sigurþór Hjörleifsson 1992

Þóra Kristín Magnúsdóttir 1997

Kjartan Páll Einarsson 1998

Frá UMFÍ

Gullmerki

Magnús Alexandersdóttir 1992

Starfsmerki

Þórður Gíslason 1972

Stefán Ásgrímsson 1972

Ottó Árnason 1972

Kristján Jónsson 1972

Jón Pétursson 1973

Jónas Gestsson 1984

Pálmi Frímannsson 1988

Hildur Sæmundsdóttir 1996

Stefán Jóhann Sigurðsson 1997

Guðrún A. Gunnarsdóttir 1997

Sigurþór Hjörleifsson 1997

Grétar D. Pálsson 1997

Vilborg Lilja Stefánsdóttir 1998

Eiður Björnsson 1998

Bryndís Jónasdóttir 1999

Garðar Svansson 2000

Hjörleifur Kr. Hjörleifsson 2003

Gunnar Svanlaugsson 2003

Guðmundur Runólfsson 2003

Vilhjálmur Pétursson 2003

Margrét Þórðardóttir 2004

María A. Valdimarsdóttir 2006

Sigrún Ólafsdóttir 2006

Gunnar Kristjánsson 2008

Kristján Magnússon 2008

Kristján Þórðarson 2009



Skeljungur

46. sambandsþing UMFÍ

46. sambandsþing UMFÍ var haldið dagana 10.-11. október í Reykjanesbæ. HSH átti 5 fulltrúa á þinginu. Þeir voru Garðar Svansson, Hermundur Pálsson, Benedikt Gunnarsson, Hákon Gunnarsson, Fjöl mörg mál og tillögur voru til umfjöllunar og afgreiðslu á þinginu. Þingið var mjög mál-efnalegt, umræður góðar og góður andi ríkti yfir því. Tóku þingfulltrúar virkan þátt í umræðum og nefndarstörfum. Tillaga HSH um að hækka aldur keppenda á ULM í 20 ára var tekið til umfjöllunar og vísað til nefndar um reglur ULM. Garðar Svansson form HSH gaf kost á sér til kjörs í stjórn UMFÍ.

Ný stjórn var kosin á þinginu. Í aðalstjórn eru Helga Guðrún Guðjónsdóttir, Björg Jakobsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Einar Haraldsson, Örn Guðnason, Garðar Svansson og Eyrún Hlynisdóttir. Í varastjórn voru kosin Ragnhildur Einarsdóttir, Haraldur P. Jóhannsson, Einar K. Jónsson og Gunnar Gunnarsson.

Íþróttaping ÍSÍ 2009

69. Íþróttaping ÍSÍ var haldið á Hilton Hótel Nordica dagana 17. og 18. apríl s.

Þingið var afar vel sótt og gekk mjög vel fyrir sig. HSH átti 2 þingfulltrúa á þinginu, það voru þeir Garðar Svansson, form og Hermundur Pálsson, varaform. Meðal tillaga sem voru samþykkt á þinginu var áskorun á Menntamálaráðherra að íþróttabandalög fá bein fjárlög frá alþingi. Því miður hefur það ekki gengið eftir en það kemur vonandi í framtíðinni.

Þinggerð þingsins og samþykktar tillögur má lesa á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is.

Næsta Íþróttaping ÍSÍ verður haldið árið 2011.



Fréttapunktur frá ÍSÍ

Íþróttaping ÍSÍ 2009

69. Íþróttaping ÍSÍ var haldið á Hilton Hótel Nordica dagana 17. og 18. apríl s.

Pingið var afar vel sótt og gekk mjög vel fyrir sig. Þinggerð þingsins og samþykktar tillögur má lesa á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is. Næsta Íþróttaping ÍSÍ verður haldið árið 2011.

Stjórn ÍSÍ

Í framkvæmdastjórn ÍSÍ sitja eftirtaldir aðilar:

Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson og Helgi Sigurðsson.

Í varastjórn sitja Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Þorgrímur Práinsson og Gústaf A. Hjaltason.

Starfsfólk ÍSÍ

Framkvæmdastjóri ÍSÍ er Líney Rut Halldórsdóttir.

Aðrir starfsmenn á skrifstofu ÍSÍ eru Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ, Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri Fræðslusviðs ÍSÍ, Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri, Örvar Ólafsson verkefnisstjóri, Þórarinn Alvar Þórarinsson verkefnisstjóri, Rúna H. Hilmarsdóttir umsjón með Felix og Linda Laufdal Jónsdóttir ritari. Auk þess hefur Kristín Lilja Friðriksdóttir verið í verk-efnatengdum störfum fyrir ÍSÍ.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar Getspár og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar.

Ferðasjóður íþróttafélaga

60 m.kr. voru til úthlutunar vegna ferða sem farnar voru á fyrirfram skilgreind mót á árinu 2009, samkvæmt samningi við mennta- og menningamálaráðuneytið. Samningurinn var gerður til þriggja ára (2007-2009) og hefur ekki verið endurnýjaður. Þó er Ferðasjóði íþróttafélaga úthlutað 57 m.kr. á fjárlögum 2010 en um 3 m.kr. skerðingu er að ræða frá framlagi ársins 2009. Raunar má segja að um 33 m.kr. skerðingu sé að ræða, sé tekið mið að samningnum sem gerður var við mennta- og menningaráðuneytið á sínum tíma sem tiltók að framlag til sjóðsins ætti að vera 90 m.kr. vegna ársins 2009. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna og í sumum tilfellum skipt sköpum þegar félög hafa staðið frammi fyrir ákvörðun um þátttöku í mótum.

Íþróttahreyfingin þarf að standa vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Markmiðið með samningnum er að aðstoða sérsambönd ÍSÍ til að efla og útbreiða viðkomandi íþróttagreinar á Íslandi og koma fram erlendis fyrir þeirra hönd.

Upphæð styrksins var 40 milljónir á árinu 2007, 60 milljónir á árinu 2008 og 70 milljónir árið 2009. Framlag ríkisins til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2010 er 63,7 en það er skerðing upp á 6,3 m.kr. frá framlagi 2009.

Ólympísk verkefni

ÍSÍ tekur þátt í 10 ólympískum verkefnum á hverri ólympíuöðu, sem nær yfir fjögurra ára tímabil. Það eru tvennir Smáþjóðaleikar, tvær Vetrarólympíuhátíðir æskunnar, tvær Sumarólympíuhátíðir æskunnar, Sumarólympíuleikar og Vetrarólympíuleikar og Sumar- og Vetrarólympíuleikar ungmenna.

Árið 2009 sendi ÍSÍ þátttakendur á Smáþjóðaleikana á Kýpur og á Vetrar- og Sumarólympíuhátíð æskunnar. Í ár eru það svo Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver og Sumarólympíuleikar ungmenna í Singapore.

Mikill undirbúningur er fyrir mörg þessara verkefna og er það Afrekssvið ÍSÍ sem ber þann undirbúning uppi.

Úthlutun sjóða

Á árinu 2009 úthlutaði Afrekssjóður ríflega 44,6 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úthlutaði 10,1 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar á ári hverju styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna.

Almenningsíþróttir

Fjöldmörg verkefni eru á könnu Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ árlega og má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Stafgöngudag og Kvennahlaup ÍSÍ. Þátttaka í þessum viðburðum hefur stórkæpt með ári hverju og þátttökumet verið slegin svo um munar. Þátttaka héraðsambanda/íþróttabandalaga í kynningu á verkefnum sviðsins er ómetanleg.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn á landsvísu. Í skoðun er að koma 2. stigi þjálfaramenntunar ÍSÍ einnig í fjarnámsskennslu.

Fyrirhuguð þjálfaranámskeið eru auglýst á heimasíðu ÍSÍ en allar upplýsingar má einnig nálgast hjá sviðsstjóra Fræðslusviðs ÍSÍ.

Hádegisverðarfundir

ÍSÍ stendur reglulega fyrir hádegisfundum í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Auglýsingar um hádegisverðarfundir ÍSÍ er að finna á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru nú ríflega 100 talsins. Komið hefur fram, hjá félögum sem hafa sótt um endurnýjun viðurkenningarinnar að fjórum árum liðn-

um, að viðurkenningin og sú vinna sem félag þarf að fara í gegnum við undirbúning umsóknar hafi haft afar jákvæð áhrif á starf félagsins, bæði fjárhagslega og stjórnunarlega. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félag sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

Lyfjamál

183 sýni voru tekin á árinu 2009, þar af 55 próf í verktöku fyrir aðila í íþróttahreyfingunni. 71 sýni var tekið í keppni og 57 utan keppni. Eitt jákvætt sýni fannst á árinu. Á Íþróttapeingi ÍSÍ sl. voru samþykkt ný lög um lyfjamál sem taka mið af nýjum alþjóðalyfjareglum sem tóku gildi 1. janúar 2009.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2009 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Ítrekað er mikilvægi þess að félög skili inn skýrslum á tilsettum tíma því það auðveldar ÍSÍ að gefa opinberum aðilum nauðsynlegar upplýsingar um stærð og samsetningu íþróttahreyfingarinnar þegar leitað er úrlausna vegna ólíkra hagsmunamála hreyfingarinnar.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 20. nóvember sl. Fundinn sátu formenn sérsambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga ásamt framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ. Fundurinn gekk vel og var mæting mjög góð.

Fyrir, þennan sama dag, hittust fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga á óformlegum fundi og ræddu ýmis sam-eiginleg hagsmunamál.

Felix - tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix - tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur vel utan um tölvifræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórntæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir. Það hefur reynst flestum gagnlegt að hafa aðgang að upplýsingum um sitt fólk og uppfærsla við Þjóðskrá léttir allar uppfærslur á persónuupplýsingum. Með skráningum í Felix geta félögin fylgst náið með þróun iðkenda innan félags, m.a. aldurs- og kynjaskiptingu.

Íþróttaslysasjóður

Minnt er á að iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Heimasíða ÍSÍ

Á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is, er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni.

Fréttapunktur UMFÍ

Árið var í senn viðburðaríkt og gæfuríkt hjá ungmennafélagshreyfingunni. Þegar litið er um öxl má hreyfingin vera afar stolt og getur horft bjartsýnisaugum til framtíðar. Í okkar hraðfleyga þjóðfélagi, þar sem hlutirnir breytast fljótt, eru möguleikarnir endalausir.

Styrkur og máttur UMFÍ er mikill og þessi fjölmennu sam-tök munu hér eftir sem hingað til vinna að góðum málum fyrir land og þjóð. Hér verður stiklað á því helsta sem gerðist á árinu 2009.

26. Landsmót UMFÍ 2009

26. landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri dagana 9. - 12. júlí 2009. Mótshaldarar voru í sameiningu Ungmennasamband Eyjafjarðar og Ungmennafélag Akureyrar. Um var að ræða sérstakt afmælistót þar sem 100 ár voru frá fyrsta landsmótinu sem var haldið á Akureyri árið 1909.

Undirbúningsvinna var öll unnin skipulega, nefndarmenn skiptu með sér verkefnum og í góðu samstarfi við Akureyrarbæ var búin til glæsileg umgjörð sem var öllum til sóma. Þátttaka á mótinu fór fram úr björtustu vonum en keppendur til stiga voru 1.475 talsins. Með kynningargreinum var þátttakan 1.940 einstaklingar, og allmargir tóku síðan þátt í öðrum viðburðum sem haldnir voru í tengslum við mótið, fyrirlestrum, ráðstefnum, gönguferðum og fleiru. Aðstaða til keppni var mjög góð á Akureyri enda íþróttamannvirki þar til fyrirmyndar. Bygður var glæsilegur íþróttaleikvangur á Hamarssvæðinu sem var einn af kjörnum mótsins. Sjálf íþróttakeppnin hófst á fimmtudegi en setningarathöfnin var á föstudagskvöldinu. Margt góðra gesta mætti á athöfnina m.a. forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Gunnlaugur Júlíusson, hlaupari, lauk hlaupi sínu frá Reykjavík til Akureyrar á mótinu, en það var til styrktar Grensásdeild og skipulagt af UMFÍ.

Keppnin öll fór vel fram á mótinu enda voru eins og áður sagði allar aðstæður til fyrirmyndar. Veðrið hjálpaði líka til því um og yfir 20° hiti var alla mótsdagana, sól og blíðviðri. Á laugardagskvöldið var mikil dagskrá í miðbæ Akureyrar sem mörg þúsund manns sóttu og fór hún einstaklega vel fram.

ÍBA sigraði í heildarstigakeppni mótsins með 1.819 stig. Mótinu lauk upp úr hádegi á sunnudeginum en það var formaður UMFÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir sem sleit mótinu með kveðjuávarpi.

12. Unglingalandsmót UMFÍ 2009

12. unglíngalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki dagana 31. júlí - 2. ágúst. Undirbúningur þess var nokkuð sérstakur þar sem Grundfirðingar sem áttu að halda mótið féllu frá því í byrjun árs vegna aðstæðna í samfélaginu. Skagfirðingar sóttu um og fengu mótið en ljóst var að hendur þurftu að standa fram úr erum þar sem tíminn var stuttur.

Unglingalandsmótsnefnd var skipuð og Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ starfaði sem framkvæmdastjóri mótsins nú sem undanfarin mót. Hjalti Þórðarson var ráðinn verkefnastjóri þess á vordögum.

Vel gekk að fjármagna mótið en aðalsamstarfsaðilar voru; Kaupfélag Skagfirðinga, Menntamálaráðuneytið, Lýð-

heilsustöð, Menningarráð Norðurlands vestra, Síminn, Prentmet, Coca Cola og Landsbankinn. Einnig voru nokkur sársambönd samstarfsaðilar mótshaldara.

Ákveðið var að keppa í níu íþróttagreinum; frjálsíþróttum, golfi, glímu, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, mótókrossi, skák og sundi. Öll íþróttaaðstaða á Sauðárkróki er mjög góð og nánast allar keppnisgreinar í göngu-færi. Tjaldsvæðið var einstaklega vel staðsett á Nöfunum, ofan við íþróttaleikvanginn. Sveitarfélagið Skagafjörður sá um að öll keppnisaðstaða væri tilbúin þegar flautað var til leiks og keppni hófst á föstudagsmorgni.

Setningarathöfn mótsins var á föstudagskvöldið og meðal gesta voru forsetahjónin. Kvöldvökur voru öll kvöld þar sem hljómsveitir stigu á stökk og skemmtu fjölmörgum þátttakendum. Auk hefðbundinnar íþróttakeppni var heilmikil og fjölbreytt dagskrá í boði bæði fyrir þátttakendur og aðra gesti mótsins.

Þátttaka á mótinu fór langt fram úr öllum áætlunum og setti töluvert strik í undirbúningsvinnu mótshaldara á síðustu metrunum. Stækka þurfti tjaldsvæðið umtalsvert og hugsa þurfti skipulag ýmissa keppnisgreina upp á nýtt. Yfir 1.500 keppendur skráðu sig til leiks og hafa keppendur aldrei verið fleiri á unglingalandsmóti UMFÍ.

Í heildina fór mótið allt vel fram. Keppendur voru til fyrirmyndar eins og allir gestir. Veðrið hefði mátt vera örlítið skár en slapp þó fyrir horn ef svo má segja.

Mótsslit voru um miðnætti á sunnudagskvöldið. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ sleit mótinu og í kjölfarið kom stórglæsileg og tilkomumikil flugeldasýning sem lýsti upp mótssvæðið.

Skinfaxi

Skinfaxi, blað Ungmennafélags Íslands, fagnaði merktum tímamótum í sögu blaðsins en 100 ár eru síðan fyrsta blaðið var gefið út. Frá því að fyrsta blaðið var gefið út í október 1909 hefur það verið gefið út óslitið, ekki fallið út einn árgangur, sem að öllum líkindum er einsdæmi um tímarita-útgáfu á Íslandi.

Á þessu tímabili hafa 25 einstaklingar komið að ritstjórn blaðsins en fyrsti ritstjórinn var Helgi Valtýsson kennari við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Skinfaxi kemur út fjórum sinnum á ári.

Frá upphafi hefur Skinfaxi verið öflugur málsvári ungmennafélagshreyfingarinnar, sambandsaðilanna og heildarsamtakanna. Markmiðið með útgáfu Skinfaxes hefur verið óbreytt í hundrað ár. Að segja fréttir og vera með frásagnir úr starfi ungmennafélaga og þeim verkefnum sem heildarsamtökin hafa haft forystu um eða unnið í samstarfi við aðra.

Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að í tilefni af þessum tímamótum verði farið í samstarf við Þjóðarbókhöfðuna um að skanna inn öll tölublöð Skinfaxes og í framtíðinni verða henni send öll eintök af blaðinu á pdf-formi. Þannig varðveitist þessi sögulegi fjársjóður ungmennafélagshreyfingarinnar um leið eykst aðgangur almennings að þeim fróðleik sem þetta málagn hreyfingarinnar hefur vakið athygli á hverju sinni og gildi hans fyrir land og lýð.

Prastaskógur

Mikið starf hefur verið unnið í Prastaskógi hin síðustu ár og má í því sambandi nefna gróðursetningu og vinnu við

göngustíga. Engin tjaldsvæði voru rekin í skóginum í sumar en engu að síður var hann vel sóttur af ferðafólki sem átti þar leið um. Uppbyggingarstarf mun halda áfram.

Flott án fíknar

Forvarnanefnd UMFÍ hefur haldið sex fundi síðan á síðasta þingi. Megináherslan hefur verið á að vinna nýja forvarnastefnu og framgang verkefnisins Flott án fíknar. Verkefnið Flott án fíknar hefur það að markmiði að fá ungt fólk til að virða landslög varðandi notkun á tóbaki og áfengi og sniðganga með öllu ólögleg vímuefni. Kynningar á klubbstarfinu hafa haldið áfram í skólum, kennarabíngum og víðar.

Nýir klubbbar hafa bæst við og var klubburinn í Ingunnarskóla tilnefndur til foreldraverðlauna sl. vor. Verkefnið var kynnt á málþinginu Árnafestu sem haldin var þann 14. mars á fæðingardegi Árna Helgasonar til heiðurs minningu hans. Nokkru síðar var verkefnið kynnt fyrir starfsfólki menntamálaráðuneytisins við góðar undirtektir. Skemmtihelgi fyrir 16- 20 ára ungmenni var haldinn að Varmalandi í Borgarfirði í lok mars og kom ungmennaráð UMFÍ að skipulagningu helgarinnar.

Áfram verður unnið að útfærslu á verkefninu fyrir framhaldsskóla og verkefnisstjóri situr í nefnd um heilsuefingu og forvarnir í framhaldsskólum. Í byrjun júní voru send bréf til allra 10. bekkinga með hvatningu um að sniðganga áfengi og tóbak og minnt á mikilvægi þess að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. Verkefnið hefur áfram fengið styrk úr Forvarnasjóði fyrir þetta ár.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var haldinn í fjórða sinn 30. september 2009. Eins og áður var hann haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands með fjárhagsstuðningi frá lyfjafyrirtækinu Actavis. Dagurinn var með sama hætti og áður þar sem nemendur 9. bekkja grunnskóla tóku þátt í verkefnavinnu sem snýr að samveru fjölskyldunnar, íþrótt- og æskulýðsstarfi og hvernig megi sniðganga áfengi sem lengst. Niðurstöður úr vinnu nemenda er hægt að skoða á heimasíðu Forvarnardagsins www.forvarnardagur.is. Fjöldahreyfingarnar þrjár sáu um að allir skólar fengju heimsókn og vel gekk að fá fólk úr hreyfingunni til heimsækja skóla á sínu svæði og öll samvinna var til fyrirmyndar.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn í annað sinn í sumar og nú á sex sambandsvæðum. Borgarnesi, Sauðárkróki, Egilsstöðum, Laugum í Reykjadal, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn. Styrkur fékkst frá Velferðarsjóði barna til að niðurgreiða þátttökugjöld um helming þannig að hver þátttakandi greiddi aðeins 10.000 krónur. Velferðarsjóður sá einnig fyrir gestakennara á öll námskeiðin og fór Þórey Edda Elísdóttir á flesta staði en Ásdís Hjálmsdóttir fór til Egilsstaða og Guðmundur Hólmar Jónsson fór á Höfn og var þeim öllum vel tekið.

Vel gekk að manna námskeiðin og alls staðar fengust faglærðir þjálfarar. Námskeiðin voru vel sótt, eða 124 þátttakendur í það heila en af þeim voru 39 í Borgarnesi sem var

fjöldmennasta námskeiðið. Auk þess að stunda frjálsar íþróttir var skipulögð dagskrá með leikjum, sundferðum, óvissuferðum og kvöldvökum.

ISCA

Aðalfundur International Sport and Culture Association (ISCA) var haldinn í Barcelona 23.-26. október 2008. Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, sem á sæti í stjórn samtakanna, sótti fundinn ásamt Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur formanni UMFÍ.

ISCA hefur komið á fót sjö manna ungmennaráði og á UMFÍ einn fulltrúa þar. Alþjóðlegt námskeið í markaðssetningu viðburða var haldið í tengslum við landsmótið á Akureyri. Námskeiðið var haldið í samstarfi við ISCA þar sem styrkur fékkst frá EUF. Alls voru 25 þátttakendur og þar af þrír Íslendingar. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands tók þátt í umræðum í lok námskeiðs og gaf sér góðan tíma við góðar undirtektir.

Íþróttir eldri ungmennafélaga - FÁÍA

UMFÍ hefur verið í formlegu samstarfi við Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) síðan árið 2001. Markmiðið er að efla íþróttir, leiki, félagsstörf, heilsufar, skemmtifundi og almenna lífsgleði fyrir eldri ungmennafélaga. Haldin var íþróttahátíð aldraðra 23. febrúar, boccamót 18. apríl og námskeið í íþróttum, leikfimi, dönsum og dómgæslu í boccia 22.-23. ágúst á þessu ári. Stærsti viðburðurinn var þátttaka í landsmóti 9. - 12. júlí á Akureyri þar sem eldri borgarar tóku þátt í dönsum, boccia, pútti og ringó. FÁÍA stóð var fyrir kvöldverðarveislu fyrir þátttakendur þar sem mættu um 170 manns og skemmtu sér konunglega.

Leiðtogaskólinn

Fræðslunefnd UMFÍ hefur haldið níu fundi frá síðasta þingi. Áhersla hefur verið á að vinna samkvæmt nýrri fræðslustefnu UMFÍ undir heitinu Leiðtogaskólinn. Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið hreyfingarinnar. Leitast er við að hafa í boði góð og gagnleg námskeið fyrir félagsmenn. Í september var haldið leiðtoganámskeið á Egilsstöðum sem var hluti af námskeiðsröð sem ÚÍA skipulagði.

Meginþunginn þetta árið var á félagsmálanámskeiðin „Sýndu hvað í þér býr“ sem skipulögð voru í samstarfi við Bændasamtökin og Kvenfélagasamband Íslands. Frá októberbyrjun til maíloka voru haldin námskeið á þrjátíu stöðum víðsvegar um landið og þátttakendur á öllum aldri voru hátt í 700 talsins. Almenn ánægja var námskeiðin þóttu þau bæði lærdómsrík og skemmtileg. Margar fyrirspurnir hafa borist um námskeið á komandi vetri og unnið er að áframhaldandi skipulagningu.

Lýðháskólar

Ungmennafélag Íslands verður áfram í samstarfi við sex danska íþróttalýðháskóla sem fyrr þar sem styrkur hefur fengist fyrir yfirstandandi skólaár. Sækja þarf um styrk frá Nordpus Voksen á hverju ári. Í janúar heimsótti landsfulltrúi alla skólana og fékk góðar móttökur og var vel látið af íslenskum nemendum. Það sama mátti heyra á nemendum um sjálfum sem telja þetta sína bestu reynslu og gott veganesti áfram út í lífið.

Á síðustu vorönn stunduðu tólf nemendur nám við lýðhá-

skóla víðs vegar um Danmörku. Nú eru átta nemendur sem fá styrk frá UMFÍ og eru það allir sem sóttu um fyrir haustönnuna en heldur hefur dregið úr eftirspurn eftir efnahagshrunið. Tvær umsóknir liggja fyrir um vorönn 2010. Hægt er að fá upplýsingar um skólana á heimasíðu UMFÍ þar sem einnig má finna umsóknareyðublað um styrk.

Ungmennaráð

Ungmennaráð hefur haldið níu fundi frá því það var endurvakið í nóvember. Ráðsfolk tók þátt í undirbúningi ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði og áttu sæti í verkefnastjórn. Ungmennaráðið sat ráðstefnuna og tók virkan þátt og kynnti UMFÍ og sín störf.

Ráðið stóð fyrir skemmtihelgi að Varmalandi í Borgarfirði helgina 27. - 29. mars s.l. og buðu ungmennum frá 16 - 20 ára sem vilja skemmta sér án áfengis. Fulltrúar ráðsins hafa tekið að sér ýmis verkefni t.d. fór einn með landsfulltrúa á Árnamesu (forvarnarmálþing) í Stykkishólmi 14. mars þar sem hann sat í pallborði. Tvö tóku þátt í forvarnarfundi 24. mars í VMA á Akureyri ásamt landsfulltrúa en nemendur skólans kynntu þá nýjan klúbb fyrir nemendur sem vilja skemmta sér án áfengis.

Tveir fulltrúar sóttu temaseminar NSU, aðrir tveir leiðtogaskóla NSU á Grænlandi í júlí, og tveir sáu um fararstjórn í ungmennavíkunni í ágúst. Einn fulltrúi var í verkefnastjórn og starfsmaður viðburðarstjórnunarnámskeiðs ISCA og UMFÍ í tengslum við landsmótið á Akureyri í júlí og ein úr hópnum hefur tekið sæti í nýstofnuðu ungmennaráði ISCA. Fulltrúar úr ráðinu voru bæði á landsmótinu á Akureyri og unglingalandsmótinu þar sem þeir kynntu sér hvernig ungmennaráðið gæti staðið að kynningarmálum UMFÍ á mótum.

Ungt fólk og lýðræði

UMFÍ hélt ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði 4.-5. mars s.l. á Akureyri sem tókst mjög vel. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Háskólann á Akureyri og með styrk frá Evrópu unga fólksins. Mikill áhugi var fyrir ráðstefnunni sem sjá mátti af aðsókninni. Þar voru um 80 þátttakendur en gert hafði verið ráð fyrir 60-70.

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, setti ráðstefnuna og bæjarstjóri Akureyrar, Sigrún Björk Jakobsdóttir, sleit henni og lýstu báðar yfir ánægju sinni með framtakið og þátttökuna. Unnin var samantekt um ráðstefnuna og myndskleið sem komið er á heimasíðu UMFÍ og var sent út til allra þátttakenda, sveitarfélaga og félagasamtaka.

Æskan á óvissutímum

Æskulýðsvettvangurinn samanstendur af Ungmennafélagi Íslands, Bandalagi íslenskra skáta og KFUM og KFUK. Æskulýðsvettvangurinn í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Æskulýðsráð stóð fyrir málþingum um allt land sem ætluð voru sem stuðningur við þá sem vinna með börnum og unglingum.

Á málþingunum voru flutt erindi af völdum sérfræðingum um efnahagsmál, velferðarmál og mikilvægi æskulýðsstarfs. Málþingin gengu mjög vel og voru þau haldin í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Árborg.

100 ára afmælisýning landsmóta UMFÍ

Í tengslum við landsmótið á Akureyri var opnuð sögusýning á Amtsbókasafninu um sögu landsmótanna í hundrað

ár. Uppistaðan í sýningunni var sögusýning sem sett upp í tengslum við landsmótið í Kópavogi fyrir tveimur árum, en þá var minnst 100 ára afmælis Ungmennafélags Íslands. Til viðbótar þeirri sýningu var minnst sérstaklega þeirra landsmóta sem hafa farið fram á Akureyri árin 1909, 1955, og 1981. Auk sögulegra heimilda um landsmótin í 100 ár sýnir Héraðsskjalasafnið á Akureyri skjöl og önnur gögn um íþróttasögu Akureyrar.

Meistaradeild UMFÍ

Ungmennafélag Íslands og Landssamband hestamanna gerðu með sér samstarfssamning um að koma af stað keppni á landsvísi fyrir börn og unglinga á aldrinum 21-21 árs. Fyrirkomulag keppninnar var þannig að fyrst fór fram undankeppni þar sem 15 einstaklingar gátu áunnið sér keppnisrétt í úrvalsdeild UMFÍ og LH.

Fyrsta undankeppnin í meistaradeildinni fór fram 28. febrúar, önnur 21. mars en sú þriðja og síðasta 4. apríl og fóru þær allar fram í Rangárhöllinni á Hellu.

Hlaup Gunnlaugs, Reykjavík - Akureyri

UMFÍ skipulagði hlaup á milli Reykjavíkur og Akureyrar í tengslum við landsmót UMFÍ með Gunnlaugi Júlíussyni ofurhlaupara. Með hlaupinu vildi Gunnlaugur vekja athygli á fjársöfnun fyrir Grensásdeild sem Edda Heiðrún Backman leikkona ýtti úr vör í sumar.

Verkefnið bar heitið „Á rás fyrir Grensás.“ Gunnlaugur var þar með fyrsti maðurinn til að taka á rás fyrir Grensás en fleiri muni bætast í hópinn þegar líður á sumarið. Hlaupið var jafnframt minningarhlaup um Jón H. Sigurðsson hlaupara frá Úthlíð. Gunnlaugur hljóp vegalengdina á sex dögum en hann lagði af stað frá útvarphúsinu við Efstaleiti klukkan níu að morgni sunnudagsins 5. júlí, og lauk hlaupinu á mótsetningu landsmótsins á föstudagskvöldinu 10. júlí.

28. júlí var söfnunarféð afhent Hollvínasamtökum Grensásdeildar og Eddu Heiðrúnu Backman. Alls söfnuðust um sautjánhundrað þúsund krónur í þessari fjársöfnun fyrir Grensásdeild.

Göngum um Ísland

Í byrjun sumars kom út bókin „Göngum um Ísland,“ leiðabók með yfir 300 leiðarlýsingum og gönguleiðum víðsvegar um landið. UMFÍ hefur gefið samskonar bók út undanfarin ár og hefur henni verið dreift um land allt. Þessi bók er unnin í samstarfi við sambandsaðila UMFÍ en þeir hafa valið þær gönguleiðir sem í bókinni eru.

Vefurinn ganga.is var endurnýjaður fyrir ári síðan. Hann býður upp á gríðarlega mikla möguleika sem verið er að skoða en það var fyrirtækið Teikn á lofti sem vann að þessu verkefni með UMFÍ.

Fjölskyldan á fjallið

Þetta verkefni er unnið með sambandsaðilum UMFÍ en þeir tilnefna eitt eða fleiri fjöll á sínu svæði sem eru aðgengileg allri fjölskyldunni. Í upphafi voru gestabækur á fjallstoppum sem gestir skrifuðu nöfn sín í en nú er það mismunandi eftir sambandsaðilum, sumir halda gestabókunum við og endurnýja en aðrir ekki. 20 fjöll voru í bókinni „Göngum um Ísland“ að þessu sinni.

Gæfuspor

Árið 2008 fór verkefnið Gæfuspor af stað á fimm stöðum á landinu. Þetta er gönguverkefni eldri borgara þar sem þeir fara út að ganga hver á sínum forsendum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Sparisjóðinn sem kom veglega að framkvæmd þess. Fyrirhugað var að halda áfram á þessu ári en ekki náðist að fjármagna verkefnið og því var ekki farið af stað með fleiri staði. Engu að síður er ýmsar hugmyndir í gangi um framhald verkefnisins sem er í alla staði áhugavert.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum

Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Nær fullbókað hefur verið síðastliðið ár og hafa í heildina dvalið um 2000 nemendur yfir árið. Þeir hafa komið frá um 50 skólum víðs vegar af landinu. Margt skemmtilegt er gert í búðunum, innan- og utan dyra og er námið byggt á leikjum, rökræðum, ferðum, kvöldvökum og samstarfi. Markmiðið með dvöl á Laugum er að auka sjálfstraust nemenda með þátttöku í félagsstarfi. Nemendur fá þjálfun í framkomu og tjáningu og öðlast þannig færni í félagsstörfum t.d. í nemenda- ungmennta- og skólaráðum.

Með þátttöku og þjálfun í félagsstörfum læra ungmenntin tillitssemi, umburðarlyndi og ábyrgð. Mikil áhersla er á samfélagsþáttinn og samkenndina þannig að allir hafi tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum. Við ungmennta- og tómstundabúðirnar starfa tíu manns og sjá þeir einnig um sundlaugina á Laugum sem er eina sundlaug byggðalagsins. Ungmennta- og tómstundabúðirnar á Laugum eru samstarfsverkefni UMFÍ og Dalabyggðar og er öll aðstaða þar hin ákjósanlegasta fyrir starfsemi af þessu tagi. Starfsemin á Laugum hefur vaxið og dafnað og er orðin þekkt um allt land. Nemendur og kennarar sem dvalið hafa í búðunum ljúka upp einum munni um ágæti þeirra og hversu undravörður árangur næst þar á einni viku.

NSU

Ýmislegt var í boði hjá NSU (Nordisk Samorganisasjon for Ungdomsarbeid) að vanda. Að jafnaði eru haldnir tveir fundir á ári innan NSU, að hausti og vori. Helstu verkefni á vegum NSU eru; Námsráðstefnur (temaseminar), Norræn ungmenntavika og Leiðtogaskólinn auk aðkomu að mótum, eins og dráttarvélaakstri, plægingum o.fl.

Í maí á þessu ári fóru tveir drengir á vegum UMFÍ á temaseminar í Svíþjóð sem haldið var í tengslum við stjórnafund NSU. Í júlí fóru tvær stúlkur á leiðtogaskóla í Grænlandi og í ágúst heldu sextán ungmenntu til Noregs á Norræna ungmenntaviku. Allir þátttakendurnir voru mjög ánægðir með ferðirnar og telja NSU bjóða upp á bæði gagnleg og skemmtileg verkefni. Með þátttökunni þróa ungmenntu með sér venskap til lengri tíma, efla hæfileika til samskipta og auka þekkingu sína á nágrannaþjóðum og afmörkuðum viðfangsefnum.

Aðildarfélag og formenn félaga

Golfklúbburinn Jökull	formaður Örvar Ólafsson, Stekkjarholt 8, Ólafsvík
Golfklúbburinn Mostri	formaður Högni Högnason, Silfurgötu 37, Stykkishólmi
Golfklúbburinn Vestarr	formaður Pétur Vilbergur Georgsson, Eyrarvegi 17, Grundarfirði
Golfklúbbur Staðarsveitar	formaður Haukur Þórðarson, Votalæk, Snæfellsbæ
Hestamannf. Snæfellingur	formaður Gunnar Sturluson, Siglúvogi 9, Reykjavík
Íþróttafél. Miklaholtshrepps	formaður Harpa Jónsdóttir, Hjarðarfell, Eyja-og Miklaholtsh.
Mótorkrosskl. Grundarfjarðar	formaður Magnús Jóseppson, Grundargötu 17, Grundarfirði
Mótorkrosskl. Snæfellsbæjar	formaður Rúnar Már Jóhannsson, Brautarholti 15, Ólafsvík
Skotfélag Grundarf.	formaður Freyr Jónsson, Breiðuvík 17, Reykjavík
Umf. Eldborg	formaður Kristján Á. Magnússon, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi
Umf. Grundarfjarðar	formaður Tómas Freyr Kristjánsson, Grundargötu 68, Grundarfirði
Umf.. Reynir	formaður Karen Olsen, Helluhól 10, Hellissandi
Umf. Snæfell	formaður Hjörleifur K. Hjörleifsson, Ásklif 13, Stykkishólmi
Umf. Staðarsveitar	formaður Kristján Þórðarson, Ölkeldu, Snæfellsbæ
Umf. Víkingur	formaður Ásta Pálsdóttir, Holtabrún 8, Ólafsvík

Lottó/ úthlutunarreglu HSH

- 42% til HSH
- 58 % til félaganna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:
 - 5% jafnt milli félaga.
 - 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.

Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

 - Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum.
 - Skilar fullnægjandi skýrslum.
 - Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi.
 - Stendur fyrir virku félags-og íþróttastarfi.
 - 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.

Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mætttra fulltrúa hvers félags.
 - 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1. desember næstliðins árs. Félag sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.
 - 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

Stærð félaga og tekjur af lottói

Félag	Félagar	jan-feb	mars-apr	maí-júní	júl-ág	sept-okt	nóv-des	Samtals	skinfaxi	Skattur	Verðlaun	Þatt. gj. 2009	Útborgað	félagar 16+
Eldborg	75	6977	6267	6423	6480	6196	4280	36.622	1990	11250			23.382	75
ÍM	91	9679	8694	8911	8989	8595	5937	50.805	1990	13500			35.315	90
Umf. Staðarsv.	109	13164	11824	12120	12226	11690	8075	69.098	1990	13950			53.158	93
G. Staðarsv.	37	6705	6023	6173	6227	5955	4113	35.196	1990	5250			27.956	35
Skotgrund	36	5890	5290	5423	5470	5231	3613	30.917	1990	5400			23.527	36
Reynir	139	20778	18662	19129	19296	18451	12745	109.061	1990	11850			95.221	79
Víkingur	742	60127	54005	55356	55841	53395	36881	315.605	1990	81000			232.615	540
UMFG	653	58007	52102	53405	53873	51513	35581	304.481	1990	80100			222.391	534
Snæfell	595	63193	56759	58179	58688	56118	38762	331.698	1990	63900			265.808	426
Golfkl. Jökull	46	8040	7221	7402	7467	7140	4931	42.201	1990	6900			33.311	46
Golfkl. Vestarr	80	13081	11749	12043	12148	11616	8024	68.661	1990	11250			55.421	75
Golfkl. Mostri	149	23311	20938	21461	21649	20701	14299	122.360	1990	19200			101.170	128
Íþrd. Snæfellinga	153	24666	22155	22709	22908	21905	15130	129.474	1990	19200			108.284	128
Mótork. Grf	27	6747	6060	6212	6266	5992	4139	35.416	1990	4050			29.376	27
Mótork. Snb	30	5668	5091	5218	5264	5033	3476	29.749	1990	4500			23.259	30
Landsmótssjóður		36586	32861	33683	33978	32490	22441						192.040	
SAMTALS:	2.962	362.619	325.701	333.846	336.771	322.021	222.425	1.711.343	29.850	351.300	0	0	1.330.193	2.342

Skýrsla knattspyrnuráðs HSH

Í knattspyrnuráði HSH eru:

Baldvin Leifur Ívarsson, Víkingi formaður
Gísli Marteinnsson Víkingi
Eygló Bára Jónsdóttir, UMFG
Árni Friðjón Árnason UMFG
Monika Axelsdóttir Snæfelli
Elín Guðrún Pálsdóttir Snæfelli

Ekki var mikið starf hjá knattspyrnuráðinu sjálfu en meðlimir þess sitja flestir í stjórn Fótoltasamstarfsins á Snæfellsnesi. Knattspyrnuráð HSH búrast þrjár tilnefningar til kjörs á íþróttamanni HSH og varð Brynjar Gauti Guðjónsson Víking fulltrúi ráðsins í kjörinu.

Fótoltasamstarfið á Snæfellsnesi

Stjórn samstarfsins

Baldvin Leifur Ívarsson, Víkingi formaður
Gísli Marteinnsson Víkingi
Eygló Bára Jónsdóttir, UMFG framkvæmdastjóri
Árni Friðjón Árnason/ Freydis Bjarnadóttir UMFG
Monika Axelsdóttir Snæfelli
Elín Guðrún Pálsdóttir Snæfelli

Árið 2009 hélt samstarf Umf. Víkings, Umf. Reynis, Umf. Grundarfjarðar og Umf. Snæfells í fótolta áfram auk þessara félaga hafa í haust bæst við iðkendur frá ungmennafélagi Staðarsveitar. Samstarfið nær yfir 2.-7. fl. karla og kvenna og ber nafnið Snæfellsnes.

Hvert félag hefur þjálfara að venju og krakkarnir æfa heima en að auki eru samæfingar þar sem allir krakkar úr ákveðnum flokki hittast og æfa saman.

Knattspyrnudeild Skallagríms leitaði eftir samstarfi við okkur um 3 fl ka en hvorki við né þeir sáu fram á að ná í 11 manna lið. Því boði var tekið og gekk það samstarf vel. Keppt var undir merkjum Snæfellsnes/Skallagrímur.

Þjálfarnir skiptu yfirumsjón með flokkunum á milli sín, þannig að aðeins einn þjálfari fylgdi flokknum í leiki.

Arnar Guðlaugsson sá um 6. og 7. fl kv

Arnar Guðlaugsson og Snædis Hjartadóttir sáu saman um 4. og 5. fl kv

Ragnar Mar Sigrúnarson sá um 3. fl kv

Ejub Purisevic sá um 4. fl ka, 5. fl ka A og B lið, 6. og 7 fl ka og var jafnframt yfirþjálfari samstarfsins

Andri Freyr Hafsteinsson sá um 5. fl ka C lið

Suad Begic var til aðstoðar með 4. fl ka

Guðmundur Ebeneser Guðjónsson Skallagrími sá um 3. fl ka

2. fl ka æfði og spilaði með mfl Víkings

Starfið var með svipuðum hætti og árið áður þó stöðugt sé reynt að þróa og bæta starfið.

Lið frá Snæfellsnes samstarfinu léku 211 leiki á árinu 2009. Það er því augljóst að ómetanlegur partur í því að hlutirnir gangi snuðrulaust fyrir sig, er að tengiliðanetið virki vel. Það gerði það í flestum flokkum og viljum þakka tengiliðunum okkar sérstaklega vel unnin störf.

Áheithaupið er árlegt, það er eina fjáröflun Samstarfsins, og er notað til að fjármagna staðfestingargjöld á mótum, greiða niður ferðakostnað og laun. Það fór fram 8. júní og að þessu sinni var lagt af stað á sama tíma frá Ólafsvík og Stykkishólmi og hlaupið í átt að Grundarfirði. Grundfirðingar skiptu sér og tóku við hlaupinu báðu megin við bæinn og hlupu að bænum en allir hjálpuðust að við að hlaupa síðustu metrana.

Einstaklingar og fyrirtæki brugðust vel við og kunnum við þeim bestu þakkir, því án peninga hvorki förum við né gerum mikið.

Við fórum á eftirtalin mót árinu en þess má geta að vorum með 9 lið á Unglingalandsmótinu:

- á Íslandsmótið innanhúss: 2. - 5. fl ka og 3. - 5. fl kv

- í VISAbikarkeppnina: 3.fl ka og kv

- á Faxaflóamótið: 3. - 7. fl ka og kv

- á Íslandsmótið í sumar: 4. - 6. fl ka og 3. - 6 fl kv

- 3. fl ka fór á Íslandsmótið með sameiginlegu liði Snæfellsness og Skallagríms

- á Pæjumótið í Eyjum: 5. fl kv A og B lið.

- á Borgarnesmótið: 6. - 7. fl ka og kv

- á Unglingalandsmótið á Sauðárkróki: 2. - 5. fl ka og kv

- á Smábæjarleikana á Blönduósi: 5. - 7 fl ka

- á Atlantis mótið í Mosfellsbæ: 8 fl, 6. og 7.fl ka og kv

- á Legó mótið í Mosfellsbæ: 6. og 7. fl ka



Í fyrra var brotið blað í sögu samstarfsins þegar 4. fl ka hélt erlendis í júlí. Í ár var komið að stelpunum. Þær kepptu einnig á Gothia Cup leikunum í Gautaborg í Svíþjóð og voru þar meðal 1.561 liðs og 34.200 þátttakenda, þar af voru 11 lið frá Íslandi. Það voru 59.200 manns á setningarhátíðinni. Við vorum með tvö lið. Yngra liðið okkar hafnaði í 3. sæti í B-úrslitum og eldra liðið komst í 16 liða úrslit. Þær yrðu einnig þess heiðurs aðnjótandi að vera fulltrúar Íslands við setningarhátíðina en einungis eitt félag frá hverju landi fær að ganga inn á völlinn á sjálfri setningarhátíðinni. Mikil ánægja var með íslenskahópin og er gaman að segja frá því að þeir sem sáu um gististaðinn þeirra pöntuðu að fá Snæfellsnes til sín aftur að ári. Ferðanefndin vill enn og aftur koma þakklæti til þeirra sem styrktu og aðstoðuðu við ferðina.

Á árinu 2009 var Brynjar Gauti Guðjónsson fyrirliði í U19 landsliðinu.

Brynjar Kristmundsson var kallaður á landsliðsúrtafsæfingu hjá U19 landsliðinu.

Alfred Már Hjaltalín var kallaður á landsliðsúrtafsæfingu hjá U16 landsliðinu.

Jóhanna Steinþóra Gústafsdóttir frá Grundarfirði sem spilar með úrvaldsdeildarliði FH var kölluð í úrtakshóp U19 kvenna.

Sindri Sigurðsson Víking/Reyni, Sigurbjörn Bjarnason UMFG, Arnar Þór Hafsteinsson Snæfelli, Kristfríður Stefánsdóttir Víking/Reyni og Ólöf Kristjánsdóttir Staðarsveit voru tilnefnd af sínum félögum og fóru í Knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni.

Samstarfið hélt uppskeruhátíð sumarsins 27. sept. í íþróttahúsinu í Stykkishólmi.

Krökkunum var boðið í sund og einnig var boðið upp á grillaðar pylsur.

Á verðlaunaafhendingunni voru afhent verðlaun hjá 2. - 5. fl ka og kv:

5.fl kv A lið

Leikmaður ársins: Viktoría Ellenardóttir

Mestu framfarirnar: Margrét Olsen

5.fl kv B lið

Leikmaður ársins: Sunna Pórey Jónsdóttir

Mestu framfarirnar: Íris Dögg Skarphéðinsdóttir

5.fl ka A lið

Leikmaður ársins: Kristófer Reyers

Mestu framfarirnar: Kristófer James

5.fl ka B lið

Leikmaður ársins: Ólafur Þórir Ægisson

Mestu framfarirnar: Kristinn Hrafnsson

5.fl ka C lið

Leikmaður ársins: Jón Páll Gunnarsson

Mestu framfarirnar: Sigbór Daði Kristinsson

4.fl kv

Leikmaður ársins: Rakel Sunna Hjartardóttir

Mestu framfarirnar: Gestheiður Sveinsdóttir

4.fl ka

Leikmaður ársins: Arnar Þór Hafsteinsson

Mestu framfarirnar: Gunnar Bjarki Baldvinsson

3.fl kv

Leikmaður ársins: Harpa Ketilbjarnardóttir

Mestu framfarirnar: Guðbjörg Þorsteinsdóttir

3.fl ka

Leikmaður ársins: Ólafur Hlynur Illugason

Mestu framfarirnar: Snjólfur Björnsson

2.fl ka

Leikmaður ársins: Brynjar Gauti Guðjónsson

Mestu framfarirnar: Dominik Badja

6. og 7. fl ka og kv fékk þátttökupening.

Samstarfið hefur gengið mjög vel á árinu og krakkarnir stóðu sig með stakri þryði, voru oft á verðlaunapalli á mótum og voru til fyrirmyndar hvar sem þau voru.

Á Smábæjarleikunum á Blönduósi, Atlantismótinu og á LEGO mótinu vorum við í efstu sætum.

5.fl kv B lið fékk silfur á Faxaflóamótinu

Einnig komu liðin heim með gull og silfur af Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki.

Af 93 keppanda sem kepptu undir merkjum HSH á Unglingalandsmótinu kepptu 71 í fótbolta.

Fótboltasamstarfið á Snæfellsnesi er búið að funda nokkrum sinnum á liðnu ári en megnið af okkar samskipt-



um fer fram í gegnum tölvu og skipta tölvupóstarnir örugglega þúsundum sem hafa flogið okkar á milli. Samstarfið er orðið svo eðlilegur hluti af fótþolalífínu hér á Snæfellsnesi að við ræðum aldrei hvort við eigum að halda samstarfinu áfram, það er bara sjálfsagt. Við erum algerlega sannfærð um að með þessu samstarfi séum við að búa krökkunum betra umhverfi til knattspyrnu- iðkunnar og þar með að stuðla að betri knattspyrnu á Snæfellsnesi í framtíðinni, öllum til heilla.

Fh knattspyrnuráðs HSH og Fótþolasamstarfsins á Snæfellsnesi

Monika Axelsdóttir

Skýrsla sundráðs

Starfsemi sundráðs var lítil þetta árið og er stefnt að því að halda a.m.k. 1 mót árið 2010 :)

Barna- og unglingamót HSH átti að halda 22. júní í Stykkishólmi. Sundlaugin í Grundarfirði var opnuð í kringum 17. júní og því var ákveðið að fresta mótinu fram í ágúst. Erfitt var að finna dagsetningu sem hentaði öllum og það fór því svo að ekkert sundmót var haldið á vegum HSH sumarið 2009.

Á unglingalandsmótinu sem haldið var á Sauðárkróki keppu 4 einstaklingar í sundi og stóðu þau sig vel (Sædís Lilja UMFG, Emil Robert Smith UMFG, Magnús Ingi Snæfell og Hrefna Rós Snæfell).

Í ár sendi HSH ekki keppendur á Æskusunmótið sem var að þessu sinni haldið á Hvammstanga. Dagsetning mótsins stangaðist á við árshátíð hjá undirritaðri þannig að krakkar frá Snæfelli dattu út og þar með ákvað þjálfari Víkinga að vera heima líka.

Við fengum boð um að koma og keppa á Lionsmóti í Borgarnesi í nóvember og fóru 4 krakkar frá Snæfelli. Mótið var haldið í innlauginni og tókst vel.

Fh. Sundráðs
María Alma Valdimarsdóttir

Unglingalandsmótið á Sauðárkróki

Í landsmótsnefnd 2008-2009:

Monika Axelsdóttir Snæfelli, formaður yfir sjálfri sér.

Framkvæmdastjóri HSH Eygló Bára Jónsdóttir starfaði mjög náið með nefndinni.

Rétt fyrir mót bættist Kristín Högnadóttir við, frá körfuboltaráðinu.

Það voru 93 keppendur sem kepptu undir merkjum HSH á Sauðárkróki. Við höfðum keppendur í knattspyrnu (71) körfubolta (38) frjálsum íþróttum (20) sundi (3) motocross (2) hestaíþróttum (1) og skák (1)

Þetta var ágætt mót þó ekki sé hægt að segja að veðrið hafi leikið við okkur. Það er stutt síðan það var haldið unglingalandsmót á Sauðárkróki og því hafði maður miklar væntingar um gott skipulag en því miður stóð mótið ekki alveg undir þeim væntingum. Það var þó ekki um að kenna slökum vinnubrögðum heimamanna heldur verður þetta sennilegast að skrifast á mikinn fjölda þátttakenda, en fjöldi þátttakenda jókst mikið frá fyrra ári. Td þurfti að spila körfubolta fram yfir kvöldmat og er það allt í lagi nema kannski á föstudeginum þegar setningarhátíðin var, þá var spilað svo lengi að krakkarnir gátu ekki tekið þátt í skruðgöngunni. Það hefði kannski mátt skipuleggja betur.

Ég vil hrósa Sauðkrækjum sérstaklega fyrir að hafa lokað fyrir skráninguna tveimur dögum fyrr en venjan er. Skipulagið var nógu laust í reipunum þegar við mættum, þannig að ég byði ekki í það ef þeir hefðu ekki haft visku til að loka á skráninguna og fá tvo auka daga til að skipuleggja. Við höfum marglýst yfir þeirri skoðun okkar að það eigi að loka fyrir skráninguna viku fyrir mót.

Þegar þátttakan er orðin svona mikil fellur vonandi um sjálft sig hugmyndir um að lækka aldur keppenda á Unglingalandsmótum. Nú er farið að hafa smá frjálsíþróttakeppni einn daginn fyrir litla krakka til að taka þátt í, þegar keppni á frjálsíþróttavellinum líkur. Það er ekkert nema gott um það segja en mér finnst í lagi að velta upp þeirri spurningu hvort við séum á réttri leið þegar frjálsíþróttavöllurinn er upptekinn í því, á sama tíma og verðlaunaafhending í fótþolunum fer fram upp í brekku þar sem enginn heyrir neitt, engir verðlaunapallar, ekkert.

Umgjörðin í verðlaunaafhendingunni í körfuboltunum var enn lélegri, en hjá yngri krökkunum fór hún fram úti undir húsvegg þar sem hvorki sást neitt né heyrðist, fyrir utan að



vitlaus lið voru kölluð fram oftar en einu sinni. Þegar verðlaun í frjálsum íþróttum eru veitt eru verðlaunahafar leiddir fram á völlinn við undirspil hátíðarstefts og nöfn þeirra sögð oftar en einu sinni í hátalarakerfið. Það er erfitt að koma auga á ástæður þess að UMFÍ samþykki svona mismunandi framkomu við sína keppendur eftir því hvaða íþróttagrein þeir stunda.

Aukinn fjöldi þátttakenda hefur vakið upp þá umræðu hvort það eigi að hætta að fara með mótið um allt land, heldur byggja upp eina mjög góða aðstöðu í hverjum landsfjórðungi.

Það felst nú mun meiri ungmennafélagsandi í því að fara um landið en það þyrfti kannski að endurskoða kröfurnar sem gerðar eru til aðstöðunnar. Það væri ráð að setjast niður og velta fyrir sér hvað það sé nákvæmlega sem þarf til þess að mótið renni nokkuð í gegn og gestunum líði bærilega. Þá kemur strax upp í hugann skipulag, rafmagn og klósett. Skipulagið fæst með því að gefa sér tíma til að vinna að því og ef gestirnir hafa aðgang að rafmagni sem hangir sæmilega inni og nóg af klósettum þá eru þeir ánægðir, það þarf ekki meira.

Með auknum fjölda þátttakenda falla sennilega líka okkar hugmyndir um að hækka aldurinn á unglingalandsmótum. Eftir stendur að við þurfum að skilja stóru unglingana okkar eftir heima þegar við förum á unglingalandsmót og er það mjög miður. Þeir nenna ekki að koma með ef þeir fá ekki að keppa. Við höfum gert óformlega könnun hjá okkar stóru unglingum og spurt hvort þau myndu mæta á unglingalandsmót ef þau fengju að keppa og svarið kemur alltaf alveg hiklaust JÁ. Og hvað er þá til ráða? Þetta þarf að vera um verslunarmannhelgi til að forvarnargildið nýtist sem best.

Hvernig væri að halda tvö unglingalandsmót á tveimur stöðum í einu fyrir eldri og yngri?

Það er mikil vinna fyrir UMFÍ en það er til mikil að vinna. Sumir foreldrar eiga auðvitað börn sem ættu að keppa hvort á sínum staðnum, en ef börnin okkar eru orðin nógu stór til að fara ein td á Þjóðhátíð í Eyjum og hugsa um sig þar, þá hljóta þau að geta gert slíkt hið sama edrú á unglingalandsmóti.

Það mætti jafnvel skipta aldrinum 11-16 ára og 17-19 ára

til að létta á mótinu sem hýsir yngri hópinn.

Það var mikil vinna lögð í skipulagingu hjá okkur eins og venjulega og lögðu margir hönd á plóginn:
Upplýsinga- og hvatningarstjóri: Eyðís Eypórsdóttir
Gæslustjóri: Hermundur Pálsson
Tjaldbúðarstjóri: Eypór Garðarsson

Umsjónarmenn greina:

Knattspyrna: Leifur Ívarsson
Körfubolti: Sæþór Þorbergsson
Frjálsar: Eyrún María Guðmundsdóttir
Sund: María Alma Valdimarsdóttir
Mótocross: Helga Sveinsdóttir
Hestaíþróttir: Lárus Hannesson
Skák: Margrét Scheving

Í frjálsum fengum við 1 silfur í kúluvarpi og 1 silfur fyrir boðhlaup.

Í fótbolta fengum við 2 gull og 2 silfur.

Í körfubolta fengum við 1 gull og 2 silfur.

Nokkrir keppendur voru nálægt því að vera á verðlaunapalli og enn fleiri bættu sín persónulegu met, en það er náttúrulega það sem þetta snýst um, að gera sitt besta.

Það er mjög ánægjuleg þróun að æ fleiri þjálfarar krakkana í hinum ýmsu greinum taka þá ákvörðun að eyða verslunarmannahelginni með krökkunum og stýra þeim í keppni. Þetta er ómetanlegt fyrir krakkana og er þeim mikill styrkur. Við viljum þakka sérstaklega fyrir þetta, því allir sem leggja okkur lið, gera það í sjálfböðavinnu.

Krakkarnir okkar voru eins og englar eins og þau hafa alltaf verið á þessum mótum, en því miður verður ekki það sama sagt um fullorðna fólkið sem brást okkur með framkomu sinni.

Það er ótrúlega sorglegt að það skuli vera fullorðið fólk sem verður okkur til skammar.

Á setningarhátíðinni klæddust allir Snæfellsnesgöllum og nýji hvatningarstjórinn fékk þá frábæru hugmynd að allir væru með íslenska fánaveifu í hönd. Þetta kom mjög vel út. Á sunnudagskvöldið var tilkynnt að HSK hefði unnið fyrir-



myndarbikarinn. Það kom ekki á óvart. Bæði varð uppá-koma í okkar röðum og svo var eitthvað skrítið andrúms-loftið út í okkur. Fólk frá öðrum félögum gerði sér ferð nið-ur á mótstjórn til að klaga okkur, og eitt kvöldið þegar ung-lingarnir okkur brugðu sér út úr samkomutjaldinu okkar í ca 15 mínútur, fóru einhverjir þangað inn og dreifðu cheeiosi út um allt. Þetta var mjög skrítið.

Landsmótsnefndinni var sá vandi á höndum að ákveða klæðnað á keppendur á mótinu.

HSH peysurnar svokölluðu fengust ekki lengur, og nýjar peysur á allan hópinn myndu kosta yfir 700 þús og sá pen- ingur var einfaldlega ekki til. Ef við ætluðum að fara þá leið kæmi ekkert annað til greina en að foreldrar myndu borga brúsann. Við gáfum okkur að miðað við efnahagsástandið yrðu foreldrar fegnir ef þeir þyrftu ekki að leggja út í auka kostnað við fatakaup. Við vildum halda þeim standard að allir væru eins klæddir ef nokkur kostur væri. Við vissum að árið á undan áttu tæp 80% þátttakenda okkar Snæfellsnes- galla og því kviknaði sú hugmynd að nota hann og vera þeim fáu sem ekki áttu galla innan handar með að finna lánsgalla, til að vera í þennan klukkutíma sem setningar- höfnin tekur. Þetta fyrirkomulag var borið undir stjórn HSH sem samþykkti þetta, þetta væri skynsamlegt í ljósi að- stæðna í þjóðfélaginu.

Pegar við höfðum kunngert þessa ákvörðun höfðu margir foreldrar orð á því hvað þeir væru ánægðir með þetta fyrir- komulag, að loksins væri hægt að samnýta fatnaðinn, en 4 foreldrar höfðu samband og sögðust ekki skilja hvers vegna mætti ekki vera í tvennskonar fatnaði.

Og þá gerðist það sem hefði aldrei gerst fyrr. Í 4 ár hef ég unnið baki brotnu fyrir HSH sem formaður landsmóts- nefndar. Á þessum árum hefur keppendum fjölgað úr 45 í 113 í fyrra sem er 150% aukning. Við höfum unnið fyrir-

myndarbikarinn þrjú ár í röð. Það hefur aukið álagið enn frekar að stjórn HSH hefur haldið mjög illa á framkvæmda- stjórn, ég er búin að vinna með þremur á fjórum árum. Aldrei á þessum fjórum árum hef ég heyrt hósta né stunu frá stjórn HSH, ég hef aldrei fengið klapp á bakið, ekki einu sinni svo mikið sem: Takk.

En nú heyrðist hljóð úr horni. Allt í einu var stjórnin farin að hafa skoðun á fatavali! Fatavali sem hún sjálf var búin að samþykka. Núna allt í einu var þessi fatnaður orðinn ómögulegur.

Ég legg til við stjórnina að ef hún hefur hugsað sér að hafa afskipti af störfum landsmótsnefndarinnar að hún geri það í tíma og reyni frekar að vinna með nefndinni heldur en að íþyngja henni með umræðu um málefni sem var löngu búið að afgreiða, örfáum dögum fyrir brottför, þegar álagið er sem mest.

Stjórnin mætti líka standa sig betur í því að sjá til þess að ráðin tilnefni menn í nefndina.

Það á nota hverja reynslu til að læra af henni og eftir situr að það er ánægjulegt að stjórnin sýni störfum nefndarinn loksins áhuga og því er ekki við neinu öðru að búast en að stjórnin í heild sinni, vinni náið með næstu landsmóts- nefnd.

Pegar þetta er ritað er komið í ljós að næsta Unglingalands- mót verður ekki haldið í Grundarfirði undir merkjum HSH eins og búið var að stefna að, heldur í Borgarnesi.

Landsmótsnefnd HSH
Monika Axelsdóttir



Arion banki

Skýrslur félaga

Golfklúbbur Staðarsveitar

Stofnaður ágúst 1998



Starf GST árið 2009 var með hefðbundnu sniði. Ekki hefur fjölgað sem neinu nemur í klúbbum en félagar eru um 30 talsins en virkir félagar færri.

Nokkur mót voru haldin og þeirra stærst varð Tuðdamótið sem haldið

var 5. sept. Þar var slegið saman keppni GST og Golfklúbbs Guttorms tuðda og boðsmóti fyrir styrktaraðila klúbbsins. Um kvöldið var síðan haldin hátíðarkvöldverður í boði klúbbsins



Á síðustu árum hefur staðið yfir mikið átak til að fjármagna rekstur klúbbsins og hefur verið gerðir samningar við nokkur fyrirtæki sem treysta rekstur hans til frambúðar og í framhaldi af því var ráðist í töluverðar endurbætur á vellinum. Við bankahrúnið fækkaði heldur í hópnum en okkur tókst með ýmsum ráðum að halda okkar tekjum svipuðum og árið á undan. Teigar voru lagaðir og stækkaðir og nýr teigur á braut átta gerður frá grunni. Tveir starfsmenn voru við störf á vellinum allt sumarið. Til stóð að koma fyrir vökvunarkerfi á flatirnar en ekki unnt að fjármagna það verk en vonandi verður hægt að ráðast í þær framkvæmdir á næstum árum. Við tókum þátt í héraðsmótinu sem að þessu sinni var haldið í Stykkishólmi og gekk það mót mjög vel. Framundan eru breyttir tímar sem golfíþróttin mun eflaust hagnast á og GST stefnir ótrauður á að bæta völlinn sinn og reyna að fjölga félögum sínum.

Haukur Þórðarson formaður

Hestamannafélagið Snæfellingur

Stofnað 3. desember 1963



Árið 2009 var fjölbreytt ár fyrir hestamennsku á Snæfellsnesi, keppni og önnur félagsstörf voru með hefðbundnu sniði, en einnig var haldið Fjórðungsmót á Kaldármelum í samstarfi við hestamannafélögin á Vesturlandi, auk þess sem reiðhallarmál komust á rekspöl að nýju á árinu.

Stjórn Snæfellinga

Á síðasta aðalfundi félagsins voru þau Ásdís Ólöf Sigurðardóttir, Kristján Magni Oddsson, (ritari), Gunnar Tryggvason, (gjaldkeri), Edda Sóley Kristmannsdóttir, (varaformaður) og Gunnar Sturluson, (formaður) kjörin í stjórn og Jón Ágúst Berg Jónsson til vara. Stjórnin hefur haldið reglulega fundi.

Félagsstarfið

Á árinu voru haldnir aðalfundur og almennur félagsfundur um málefni reiðhallarinnar í Grundarfirði, auk þess sem fundað var með hestamönnum í Stykkishólmi vegna fyrirhugaðrar reiðhallarbyggingar þar.

Einnig stóð félagið fyrir reiðnámskeiðum fyrir börn, unglinga og undmenni í Stykkishólmi sl. vor þar sem Hugrún Jóhannsdóttir reiðkennari var fengin til að aðstoða þau við undirbúning Fjórðungsmóts. Tókst það vel.

Í janúar var haldin fjölsótt folaldasýning í samstarfi við Hrossvest og hestamiðstöðina í Söðulsholti.

Í desember var haldin uppskeruhátíð á Narfeyrarstofu í Stykkishólmi þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir árangur ársins í kynbótastarfi og íþróttakeppni, auk þess sem Potuskjöldurinn var afhentur að nýju eftir langt hlé. Hrossaræktunarbúið Berg í Eyrarsveit hlaut verðlaun sem ræktunarbúi ársins, Siguroddur Pétursson var valinn hestaíþróttamaður ársins, en hann var einmitt tilnefndur sem slíkur til HSH. Guðný Margrét Siguroddsdóttir var valin efni-legasti knapinn og Kolbrún Grétarsdóttir hlaut Potuskjöldinn fyrir ötult starf að ljósmyndun af hestum á uppákomum félagsins.

Á árinu fengu allir félagsmenn aðgang að World Feng í gegnum samning Landssambands hestamanna og FEIF við Bændasamtökin, annaðist Gísli Guðmundsson í Hömluholti það verkefni.

Félagið tók þátt í starfi Hrossvest og heldur úti girðingum fyrir stóðhesta í Hólslandi. Var gert áframhaldandi átak í endurbótum girðinga þar. Gísli Guðmundsson hefur haft umsjón með því starfi.

Gunnar Sturluson situr í varastjórn Landssambands hestamannafélaga og sat í framkvæmdanefnd Fjórðungsmóts á Kaldármelum.

Betur þarf að standa að útgáfumálum félagsins og heimasíðu, en henni hefur ekki verið haldið við. Einnig þarf að hlúa að æskulýðsstarfi og leggja áherslu á að fjölga iðkendum hestamennsku í hópi barna og unglinga. Sérstakt átak þarf að gera til að efla reiðkennslu og hafa þegar verið stiginn skref í þá átt.

Fjórðungsmót á Vesturlandi

Almennt má segja að framkvæmd mótsins í samstarfi hestamannafélaganna á Vesturlandi hafi gengið vel. Vandað var til undirbúnings og efnt til samstarfs við hestamannafélög í Norðvesturkjördæmi og sendu flest félögin þátttakendur til keppni. Að auki var hestamannafélaginu Adam í Kjós boðin þátttaka í gæðingakeppni mótsins. Mótið fór afar vel fram, þar urðu engin teljandi óhöpp og engar uppákomur, agabrot eða afbrot vörpuðu skugga á mótið.

Það er mat framkvæmdanefndar að um 3.000 gestir og starfsmenn hafi komið á mótsvæðið á meðan á mótinu stóð. Bjarni Jónasson í Grundarfirði var framkvæmdastjóri þessa móts eins og tvö undanfarin mót og vann hann frábært starf, bæði fyrir framkvæmdanefndina og Snæfelling. Eru honum þökkúð góð störf og samvinna.

Á mótinu var Högni Bæringsson heiðraður fyrir störf sín í þágu Fjórðungsmóta á Kaldármelum, en hann hefur unnið ómetanlegt starf í gegnum tíðina.

Nánari upplýsingar um niðurstöðu, framkvæmd mótsins, fréttir og myndir má finna á heimasíðu mótsins www.fm2009.lhhestar.is.

Kaldármelar

Mótsvæðið á Kaldármelum var endurnýjað allnokkuð fyrir mótið, m.a. var hringvöllurinn og kynbótabrautin endurnýjuð og var það mikil framkvæmd sem tókst vel. um jarðvinnu sá Kristján M. Oddsson og stóð hann sig með stakri þrýði. Þá var önnur aðstaða, s.s. neysluvatnslagnir og salernisaðstaða endurbætt. Að auki voru dómhús lagfærð. Ákveðið var að bæta upplýsingamiðlun til áhorfenda á mótinu með því að leigja risaskja og var það mat framkvæmdanefndar að sú ráðstöfun hafi heppnast vel. Risaskjánum fylgdi þónokkur viðbótarvinna við tölvuvinnslu og myndvinnslu, en það skilaði sér í betri upplýsingum til mótsgesta og skemmtilegra áhorfi. Er það mat manna að þessi ráðstöfun sé nauðsynleg á jafn stóru móti og hér var haldið.

Markmið og ávinningur af mótinu

Það er mat framkvæmdanefndar að með vel heppnuðu móti hafi styrkari stöðum verið rennt undir hestamennsku og hrossarækt sem atvinnugrein í fjórðungnum. Sést það m.a. á því að fleiri hafa sótt þjónustu til atvinnumannna á svæðinu í kjölfar mótsins, og á það bæði við um ferðaþjónustuaðila, hrossaræktendur og tamningamenn. Telur framkvæmdanefndin að markmiðin sem sett voru með mótahaldinu hafi náðst fram. Má nefna að samstarf félaganna sem stóðu að mótinu tókst afar vel og var það eitt af markmiðunum að efla það samstarf.

Mótið fékk góða kynningu í fjölmiðlum, bæði í hestafjölmiðlum og í sjónvarpi, en RÚV sýndi samantekt frá mótinu sem var að okkar mati vel heppnaður þáttur. Teljum við að þessi umfjöllun öll hafi gagnast hestamenskunni almennt séð sömuleiðis.

Unnið er að uppgjöri á mótinu, en það er ljóst að það var rekið í samræmi við áætlunina í grófum dráttum. Framkvæmdanefndin á eftir að taka ákvörðun um það hvernig rekstrarafgangi mótsins verður varið, en ljóst er að hann mun annað hvort renna í framtíðaruppbyggingu fjórðungsmóta, eða til eflingar á starfi hestamannafélaga á svæðinu.

Reiðhallarmál

Á árinu var unnið að því að koma reiðhallarmálum félagsins í höfn. Fallið var frá áformum um að byggja nýtt hús vegna aðstæðna á fjármálamarkaði. Náðust samningar við Guðmund Ólason um kaup á reiðhöll hans í Grundarfirði á vegum Snæfellingshallarinnar og um þátttöku hans í áframhaldandi eignarhlut í félaginu með Snæfellingi, Grundarfjarðarbæ og hesteigendafélagi Grundarfjarðar. Var jafnframt fengin staðfesting á þátttöku bæjarfélagsins í

verkefninu þrátt fyrir breytingar á því auk þess sem staðfesting hefur fengist á því að Landbúnaðarráðuneytið mun greiða út styrkinn sem það hafði lofað félaginu til byggingar á reiðhöll. Má segja að með þessu sé fengin farsæl lausn á málinu miðað við aðstæður.

Samhliða þessu samkomulagi hefur Snæfellingur með fjárhagsstuðningi bakhjarla félagsins að leggja fé í fyrirhugaða byggingu reiðhallar í Stykkishólmi, en loforð hefur fengist fyrir veglegum styrk frá Stykkishólmsbæ til byggingar á reiðhöll.

Samstarf og stuðningur

Styrktaraðilar félagsins voru á árinu Ólafur Ólafsson, Hestamiðstöðin Söðulsholti, (Einar Ólafsson), Fellsendi ehf., (Guðmundur Ólason) og Hrísdalshestar sf., (Gunnar Sturluson og Guðrún Margrét Baldursdóttir). Allir þessir aðilar gerðu 3ja ára samning við félagið um stuðning árið 2007. Einnig fékk félagið veglegan stuðning frá Guðmundi Kristjánssyni, Frostfiski ehf. og Ólafi Ólafssyni vegna framkvæmda á Kaldármelum. Þá voru ýmsir félagsmenn óþreytandi í störfum sínum fyrir félagið, bæði við undirbúning Fjórðungsmótsins og við önnur félagsstörf og umsjón með starfi félagsins.

Virðingarfyllst,
stjórn Hestamannafélagsins Snæfelling.

Ungmennafélag Grundarfjarðar

Stofnað 10. júlí 1933



Árið 2009 var þrýðilegt hjá UMFG. Aðalfundur var haldinn á Kaffi 59 í febrúar og gaf stjórn UMFG áfram kost á sér og situr því sama og í fyrra fyrir utan að Svanhildur er ekki lengur ritari og var það Lára Magnúsdóttir sem tók við pennanum.

Stjórnin er því skipuð þannig:

Tómas Freyr Kristjánsson Formaður
Unnur Guðbjartsdóttir Gjaldkeri
Lára Magnúsdóttir Ritari
Halldóra Dögg Hjörleifsdóttir
Jófríður Friðgeirsdóttir

Starf UMFG gekk mjög vel á árinu 2009. Fjárafilanir á árinu gengu vel. Við fengum styrk frá Menntamálaráðuneyti fyrir uppbyggingu á blaki, uppbyggingu á íþróttasvæði og kaup á fimleikaáhöldum að upphæð 500.000 kr. Einnig fengum við styrk frá UMFÍ til að halda fyrirlestur með Jóhanni Inga Gunnarssyni íþróttasálfræðingi sem heppnaðist mjög vel og almenn ánægja var um. Jóhann Ingi hélt 3 fyrirlestra um einelti og hópefli í íþróttum. Fyrst fyrir börnin, svo fyrir foreldra og að lokum fyrir þjálfara. Í haust fengum við hann svo aftur til að koma og nú var það í boði HSH og hélt hann fyrirlestur fyrir þjálfara alls staðar af nesinu.

Félagið var með páskabingó. Auglýsingarskilti voru sett upp á íþróttavellinum. Skiltin hafa ekki farið upp í íþróttahúsi undanfarna vetur.

Svo er það helgin „á Góðri stund í Grundarfirði“. Erum við þá með sjoppu fyrir utan ball á föstudegi og á bryggju á laugardegi og um kvöldið. Einnig er okkur boðið að vera með dyragæslu og bar á balli á föstudagskvöl. Sjoppan gefur vel af sér á þessari helgi og er ein af okkar stærstu tekjulindum. Farið var í flöskusöfnun eftir helgina sem að gekk mjög vel. Þökkum öllum þeim sem hjálpuðu við þessa helgi. Dósagámar við Kaffi 59 og Hótel framnes eru komnir inn í fjáraflanir hjá ráðum innan UMFG. Er búið að setja upp plan sem þau fara eftir og losa. Þökkum við þessum veitingastöðum fyrir þeirra framlag.

Ekki má gleyma framlagi Grundarfjarðarbæjar sem hefur sýnt starfi UMFG skilning og stuðning í formi fjárstyrkja og tíma í íþróttahúsi.

GG Lagnir og Taugar ehf sáu um verðlaun á uppskeruhátíðinni í september. Svo hafa mjörg fyrirtæki styrkt íþróttalíf hér í Grundarfirði með beinum styrkjum til ráða innan UMFG, vilum við þakka þeim fyrir þann stuðning. Við höfum reynt að styrkja okkar fólk, eins og þjálfara á námskeið. Við reynum að styðja við bakið á þeim sem komast í landslið og fl.

UMFG hefur veitt styrki til barna sem hafa verið valin í landslið í sinni íþróttagrein og voru það 5 drengir sem fóru frá okkur á síðasta ári. Einnig styrktum við 4 flokks stúlkur sem fóru til Svíþjóðar til að taka þátt í Gothia Cup.

UMFG hefur líka greitt fyrir þjálfaramenntun knattspyrnuþjálfara sem þjálfá fyrir félagið.

Þjálfaramál gengu nokkuð vel fyrir sig 2009. Nýr blakþjálfari var ráðinn og heitir hann Aðalsteinn Eymundsson. Hann sér um að þjálfá allt blak fyrir börn og fullorðna. Eitthvað er um að flokkar í fótbolta séu sameinaðir vegna fækkun á börnum sem æfa. Fella þurfti niður 2 fl. Karla þar sem ekki var nóg þátttaka. Tómas Freyr, Arnar og Ragnheiður sjá um að þjálfá fótboltann núna. Kristín Halla sér um allar frjálssar eins og undan farin ár. Íþróttaskóli var færður yfir á mánudaga þar sem að það reyndist ekki vel að hafa hann á laugardögum.

UMFG sendir meistaraflokk í knattspyrnu karla til keppni næsta sumar í fyrsta skipti í yfir tuttugu ár. Tryggvi Hafsteinsson hefur verið ráðinn þjálfari karlaliðsins og honum til halds og trausts verða þeir Tómas Freyr Kristjánsson og Jón Frímann Eiríksson. Þeir munu taka þátt í 3 deildinni næsta sumar.

Mótamál voru hefðbundin eins og undanfarin ár. Í blaki var farið á Íslandsmót og hefur það gengið bara vel. Í frjálsum var farið á meistaramót og á unglíngalandsmóti UMFI áttum við nokkra fulltrúa sem stóðu sig með þryði. Í sundi voru æfingar en lítið farið á mót.

Stjórn UMFG

Blak

Hjá blakiðkendum barna í Grundarfirði 2009 var þetta helst. Við fengum til okkar tvo gestaðþjálfara til að bæta tæknina hjá börnum jafnt sem fullorðnum. Fyrst kom Aðalsteinn Eysteinnsson og síðar kom Zdravko Demeriv. Við fórum á seinni hluta Íslandsmótsins sem haldið var á Akureyri þar sem 5. flokkur karla landaði Íslandsmeistaratitli. Skemmtileg ferð í frábæru veðri og hópur af foreldrum sem

fylgdi börnunum. Um haustið var Aðalsteinn Eymundsson ráðinn til starfa sem blakþjálfari allra blakiðkenda í Grundarfirði. Ákveðið var að fara ekki á fyrrihluta Íslandsmóts 2009-2010 sem haldið var á Neskaupsstað. Við vorum ekki sátt við fyrirkomulagið á mótinu þar sem eldri og yngri flokkar áttu að keppa sitt hvora helgina. Við sendum blíbréf og lýstum óánægju okkar með þetta fyrirkomulag og komum með þá tillögu hvort ekki mætti lengja mótið um einn dag svo allir flokkar gætu spilað sömu helgi, en svo fór ekki.

Kær kveðja blakráð UMFG

Frjálssíþróttadeild UMFG.

Starfið í frjálssíþróttadeildinni gekk sinn vanagang á starfsárinu, tvær æfingar í viku fyrir hvern aldurshóp bæði sumar og vetur. Að vísu voru sumaræfingarnar með óhefðbundnu sniði þar sem íþróttavöllurinn var undirlagður í framkvæmdir og oft ekki þorandi að vera þar vegna vinnuvéla. Æfingarnar fóru fram þess í stað á nýju útivistarsvæði í Ölkeldudalnum og notast við það sem hendinni var næst, lengri hlaupin æfð á göngustígum og reiðveginum og skjólmanir notaðar til að æfa stutta spretti, farið niður í fjöru og jafnvel út á Kirkjufellssand.

Mótahald var með rólegasta móti þetta árið, farið var á Meistaramót 11 - 14 ára innanhúss með góðan hóp, og síðan á Unglíngalandsmót með ágætis árangri. Ekkert varð af innanfélagsmótum þetta árið og mörg af stærri mótum það langt í burtu að iðkendur settu fyrir sig löng ferðalög.

Grundar og Kvernárhlaupin voru á sínum vanalega stað á 17 júní og núna var meðþátttaka í Grundarhlaupinu þar sem fullorðnir fjölmenntu. Eins var víðavangshlaupið á Góðri stund eins og venjulega þar sem aldrei fleiri hafa hlaupið og núna. En þetta hlaup er aðallega hugsað til þess að fólk komi sér af stað inn í skemmtilegan dag með góðu útsýnisskokki.

Skokkhópur fór af stað í sumar undir stjórn góðra kvenna sem síðan stóðu fyrir gamlárshlaupi sem mæltist vel fyrir og margir mættu í.

Sunddeild UMFG

Rólegt var yfir sundinu í sumar þar sem æfingar byrjuðu seinna en vanalega, vegna framkvæmda við sundlaugina. Um vorið var ljóst að gamla laugin var að hruni komin og hékk saman á lýgini einni saman og var ákveðið að ráðast í að endurnýja laugina. Allar tímaáætlanir stóðust og hún var opnuð aftur 17 júní og strax eftir það hófust æfingar. Aukning var á iðkendum hjá 10 ára og yngri en um 20 krakkar voru að æfa, og síðan voru 15 ára og eldri mjög dugleg að sækja æfingar og gekk mjög vel að samræma æfingar á opnunartíma laugarinnar. Gaman var að fylgjast með þeim yngstu hvað þau voru fljót að læra og hvað þeim fór fram á þessum stutta tíma. Þjálfari í sumar var Kristín Halla Harlaldsdóttir og er hún alveg frábær með krakkana. Ekki var farið á nein mót þetta sumarið vegna þess hve stuttur æfingatímin var en vonandi verður næsta tímabil lengra og þá hægt að fara á einhver mót. Sunddeildinni barst mjög góð gjöf á 17. júní en það var farandbikar sem við afhendum sem hvatningarverðlaun eftir sumarið þeim sem hefur staðið sig vel á æfingum og mótum. Gefendur bikarsins eru Hildur Sæmundsdóttir, Sigurjón Halldórsson og börn.

Knattspyrnuráðs UMFG

Starfsemi ráðsins var með þeim hætti að reglulega voru haldnir fundir og sóttir voru fundir í knattspyrnusamstarfinu á Snæfellsnesi um stafsemi og mótun þjálfaramála.

Breyting var á ráðinu Gunnar Ragnarsson hætti og í hans stað kom Freydís Bjarnadóttir.

Þjálfaramál voru í góðu lagi nema hjá 4. og 5. flokki karla en þau leistust.

Fjáröflun var í föstum skorðum með söfnun dósa og gerð dagatals fyrir 2010.

Styrkur var veittur til 4. fl.kvenna í ferð til Svíþjóðar. Fjá-hagsstaða knattspyrnuráðs er í góðum málum.

Formaður: Árni Friðjón Árnason
Meðstjórnendur: Sigurður Ólafur Þorvarðarson
Freydís Bjarnadóttir

Ungmennafélagið Snæfell

Stofnað 23. október 1938



Á aðalfundi 19 febrúar 2009 voru eftirtalin kjörin í aðalstjórn Snæfells

Hjörleifur K Hjörleifsson formaður
María A Valdimarsdóttir gjaldkeri
Eydís B Eypórsdóttir ritari

Haldnir voru 8 stjórnarfundir og 8 framkvæmdastjórnarfundir auk nokkurra funda með deildum félagsins.

Sjö deildir störfuðu á vegum Snæfells á árinu. Frjálsíþróttadeild, knattspyrnadeild, sunddeild, blakdeild, körfuknattleiksdeild, siglingadeild, íþróttaskóli Snæfells, auk þess var boðið upp á íþróttir fyrir fatlaða. Körfuknattleiksdeild og knattspyrnadeild eru fjárhagslega og rekstralega tvískiptar, þ.e í meistaraflokka og yngri flokka.

Nú er erfitt ár að baki fjárhagslega en samt ótrúlegt hversu vel deildum félagsins hefur tekist að spila úr því litla fjármagni sem býðst. Margir stórir styrktaraðilar hafa dregið stórlega úr styrkjum eða jafnvel dregið sig algerlega í hlé. Þrátt fyrir þetta breytta landslag á fjármálamörkuðum er félagið rekið af miklum krafti og ábyrgð.

Nokkuð ljóst að framtíðin er björt með alla þá góðu iðkendum sem æfa hjá félaginu.

Engin sérstök verkefni voru hjá aðalstjórn á árinu nema að gera nýja fundar- og félagsaðstöðu klára, en hún er staðsett í anddyri íþróttahússins. Nú þegar er búið að kaupa stóla og borð og unnið er að því að fá skjávarpa og ýmislegt fleira sem til þarf. Aðalstjórn hefur séð um losun flösku og dósagáms félagsins sem staðsettur er við Olís. Þeim fjármunum sem fást fyrir flöskur og dósir er varið til að styrkja þá sem valdir eru í landslið, einnig eru einstakar keppnisferðir styrktar.

Að lokum vil ég þakka þeim sem styrkja félagið á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá þó þeir sem eru tilbúnir að

vinna mikið og förnúfúst starf til að félagið geti vaxið og dafnað

F/h aðalstjórnar Snæfells
Hjörleifur K Hjörleifsson.

Frjálsar íþróttir

Árið 2009 voru á bilinu 15 til 20 iðkendum frá 6- 15 ára, allt árið og voru æfingar 2 til 3 á viku. Keppt var á nokkrum mótum:

Stórmót ÍR sem haldið var af ÍR 17 og 18 janúar 2009 en frá Snæfelli voru 12 keppendur. Helstu afrek mótsins voru: Snjólfur varð 3 sæti í 60 m hlaupi, 2 sæti í Hástökki og þrístökki, 1 sæti í Langstökki í flokki 15-16 ára. Ásta Kristný í 3 sæti í 60 m hlaupi og í 5 sæti í Langstökki í flokkinum 9-10 ára. Jón Páll varð í 3 sæti í kúluvarpi í flokkinum 11 ára. Viktor Marinó var í 5 sæti í langstökki í flokkinum 12 ára stákar. Arnar Þór varð í 8 sæti í 200 m hlaupi og 10 sæti í 60 m hlaupi og 60 m grind í flokki 13-14 ára. Katrín Eva varð í 7 sæti í Kúluvarpi og 10-12 sæti í Hástökki.

Meistaramót Íslands í fjölþrautum 14 feb 2009 Snjólfur varð í 4 sæti.

Meistaraamót Íslands 11-14 ára haldið 28-29 feb 2009 frá Snæfelli voru skráðir 11 keppendur, Helstu afrek mótsins voru: Viktor Marinó varð í 4 sæti í 800m í flokki 12 ára. Elías Björn var í 11 sæti í 800m flokki 11 ára. Katrín Eva varð í 8 sæti í kúlu í flokki 12 ára. Rebekka Rán, Hekla Fönn voru í sveit með stelpum utan af nesi og urðu í 6 sæti í 4x200m boðhlaupi.

Meistaramót Íslands 15-22 ára haldið 31-1 feb 2009 Snjólfur varð í 5 sæti í 200m 2 sæti í hástökki, 3 sæti í Langstökki, 1 sæti í Þrístökki og 7 sæti í 60 m.

Meistaramót Íslands 15-22 ára úti haldið 29-30 ágúst 2009 Snjólfur var eini keppandinn frá Snæfelli og varð hann 3 sæti í Þrístökki, 5 sæti í Hástökki, 6 sæti í Langstökki og 7 sæti í 60m í flokki 15-16 ára.

Unglinglandsmót UMFÍ 31-1 og 2 ágúst 2009 frá Snæfelli voru 12 skráðir helstu afrek mótsins voru: Snjólfur varð í 5 sæti í Hástökki, 100m og Langstökki í flokki 15 ára. Katrín Eva 5 sæti í kúlu og 8 sæti í spjótkesti í flokki 12 ára. Viktor Marinó í 4 sæti í 600m, og 10 sæti í 60m, Rebekka Rán, Hekla Fönn, Krístrún Kúld og Andrea Kristín voru í 8 sæti í 4 x 100 m boðhlaupi.

Silfurleikar ÍR var haldið 21. til 22. nóv. 2009 Á mótinu voru 5 ungar dömur sem kepptu í þrautabraut en boðið var upp á þrautabraut fyrir 8 ára og yngri og voru þær á meðal 150 keppanda í henni. Eining voru 4 stelpur í flokkinum 9-10 ára og stóðu sig frábærlega en í þessum flokki er ekki keppt til verlauna. Í eldri flokknum voru fjórir keppendur, Snjólfur varð í 3 sæti í Þrístökki, og 2 í hástökki flokkinum 15-16 ára. Auk þess var hann í 4 - 5 sæti í 60 m. Katrín Eva varð í 1 sæti í kúluvarpi í flokki 12 ára, auk þess sem hún var að bæta sig í Hástökki. Viktor Marinó varð í 3 sæti í 800 m. hlaupi í flokki 12 ára. En hann var ennig í 7 sæti í 60.m hlaupi og þrístökki.

Boðsmót á Akranes seinasta mót ársins var haldið á Akranesi og foru nokkir keppendur frá Snæfelli en þetta mót var að mestu hugsað til bætinga fyrir áramót því þá færast krakkarinir upp í aldursflokki.

Skýrsla kkd. meistaraflokka

Í upphafi þessa keppnistímabils var tekin sú ákvörðun að sameina stjórnir beggja úrvalsdeildarhópanna þ.e. kvk og kk. Eftir nokkra undirbúningsvinnu varð niðurstaðan 7 manna yfirstjórn, en ásamt henni myndu kvennaráð og karlaráð starfa áfram að ákveðnum verkefnum.

Stjórnin er þannig skipuð ; Gunnar Svanlaugsson, formaður, Davíð Sveinsson gjaldkeri, Sæþór Þorbergsson, Hermundur Pálsson, Sævar Harðarson, Þorbergur Bæringsson og Símon Hjaltalín.

Strax á vordögum var farið að skoða möguleika á að finna þjálfara fyrir bæði liðin. Gengið var til samninga við Inga Þór Steinþórsson áður aðstoðarþjálfara KR. Það hefur verið skoðun mjög margra að slík ráðning hefði marga kosti í för með sér þ.e. ef við fyndum rétta þjálfarann í verkefnið. Um leið og við þökkum þeim Högna Friðrik, Baldri, Hlyn Bærings og Sigga Þorvalds, fyrir mjög fórnfúst og gott starf með úrvalsdeildarliðin á s.l. keppnistímabili bjóðum við Inga Þór og fjölskyldu hans hjartanlega velkomna í Hólminn.

Það sem af er tímabili hafa 12 - 14 stelpur stundað æfingar hjá meistaraflokki kvenna. Við urðum fyrir töluverðri blóðtöku er þær Berglind Gunnarsdóttir og Kristen Green urðu að hætta þátttöku vegna meiðsla. Vonum við að þær nái sér sem fyrst og geti hafið æfingar aftur fyrir næsta tímabil. Þjálfarar hafa verið að bjóða yngri stelpum með á æfingar og bara spennandi að sjá hve efnilegar stelpur eru handan hornsins.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð eru stelpurnar að hefja úrslitarimmi sína með þátttöku í svokölluðum B riðli úrvalsdeildar. Okkar trú er að við höldum áfram að vera í hópi þeirra bestu og vonum svo sannarlega að stelpunum gangi vel.

Við erum einnig stolt af strákunum okkar en í dag verum við 4 sætið, þá eru þeir einnig komnir í undanúrslit bikarkeppinnar. Því miður höfum við einnig verið að kljást við töluverð meiðsl hjá þeim. Við vonum svo sannarlega að allir fari að ná sér og verði með á fullu til loka tímabils.

Við vorum svo sannarlega stolt er Hlynur Bæringsson körfuboltamaður Snæfells var kjörinn íþróttamaður HSH. Hann hefur klárlega unnið til þeirra verðlauna sem flottur íþróttamaður innan vallar sem utan. Til hamingju með glæsileg afrek Hlynur, við erum stolt af þér.

Ágætu styrktaraðilar, gott stuðningsfólk !

Fyrir hönd meistaraflokkanna þakka ég góðan stuðning það sem af er tímabilinu, án ykkar værum við ekki að geta þetta. Okkar markmið er að halda áfram með ástundun körfuboltans með úrvaldsdeildarlið sem endanlegt markmið hjá bæði stelpum og strákum, því treystum við áfram á ykkar þátttöku. Það er bænum okkar og öllu okkar nærumhverfi afar mikilvægt að geta boðið bæði þátttakendum sem og öðrum upp á slíkar veislur sem að þessir körfuboltaleikir eru.

Áfram Snæfell,

Gunnar Svanlaugsson,
formaður kkd Snæfells.

Körfuknattleiksdeild Snæfells - yngri flokkar

Í haust urðu stólaskipti í foreldraráði yngri flokka körfuknattleiksdeildarinnar. Foreldraráðið skipa, Ólafur

Guðmundsson formaður, Davíð Sveinsson gjaldkeri, Guðný Pálsdóttir ritari, meðstjórnendur Helga Guðmundsdóttir og Birna Sævarsdóttir. Þau Dagný Þórisdóttir, Björgvin Ragnarsson og Sigurður Bjarnason voru í foreldraráði á síðasta vetri, hættu í vor og þökkum við þeim gott starf.

Í haust var lagt upp með 10 flokka og þar af 6 sem taka þátt í Íslandsmóti.

1.- 3. bekkur stúlkna Þjálfari: Rósa Kristín Indriðadóttir

1.- 3. bekkur drengja Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson

Minnibolti stúlkna Þjálfari: Jón Ólafur Jónsson

Minnibolti drengja Þjálfari: Jón Ólafur Jónsson

8. flokkur stúlkna Þjálfari: Rósa Kristín og Sveinn Arnar

8. flokkur pilta Þjálfari: Hlynur Bæringsson

11. flokkur pilta Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson

Stúlknaflokkur Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson

Drengjaflokkur Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson

Unglingaflokkur pilta Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson

Drengjaflokkur tekur þátt í Íslandsmóti ásamt Skallagrím og hafa þeir staðið sig mjög vel aðeins tapað tveimur leikjum í vetur.

1.-3. bekkur drengja, stúlkna og mb. stúlkna taka ekki þátt í Íslandsmóti en fara á þrjú fyrirtækjamót yfir veturinn og unglingaflokkur pilta tekur einungis þátt í bikarkeppni KKÍ. Í bikarkeppni hafa tekið þátt 11. fl. pilta, stúlknaflokkur, drengjaflokkur.

Aðrir flokkar taka þátt í Íslandsmótinu í vetur og hafa staðið sig með prýði, árangur má sjá á heimasíðu Snæfells þar sem hægt er að fylgjast með öllu sem er að gerast yfir veturinn. Þjálfarar og foreldrar hafa skrifað um keppnisferðir í vetur og er spennandi að fylgjast með þeim skrifum.

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Sauðárkróki um síðustu verslunarmannahelgi. Undir merkjum HSH voru sex flokkar og verður að segjast að frammistaða okkar fólks var með afbrigðum góð. Úrslit voru þau að tveir flokkar HSH urðu í öðru sæti en það voru stelpur 11-12 ára og stelpur 17-18 ára. Piltar 17 - 18 ára hrepptu fyrsta sæti. Aðrir komust ekki á pall. Yfir heildina litið þá var framkoma og frammistaða krakkana í HSH til sóma.

Á heimasíðu Snæfells má sjá upplýsingar fyrir aðkomulið vegna móta í Stykkishólmi um þjónustu og afþreyingu. Aukin heldur má þar finna upplýsingar um símanúmer þjónustuaðila og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Í haust var Ingi Þór Steinþórsson ráðinn yfirþjálfari yngri flokka Snæfells og þakkar deildin honum þá ómetanlegu vinnu sem hann hefur lagt af mörkum.

Síðastliðið ár stunduðu um 80 krakkar körfubolta á vegum yngri flokka Snæfells og gaf deildin öllum 12 ára og yngri körfubolta á lokahófi deildarinnar. Síðastliðið haust stóð deildin fyrir kaupum á hettupeysum og bolum fyrir unga sem aldna og var gríðarlega góð sala og á nýju ári var aftur hafin móttaka pantana.

Fjárafilanir hafa gengið vel en þær helstu eru páska- og jólabingó sem hafa verið mjög vinsæl og má geta þess að uppselt var á síðasta jólabingói. Fjárhagsstaða deildarinnar er góð.

Að lokum vill foreldraráðið þakka þeim sem komu að starfinu gott og óeigingjarnt starf.

Fyrir hönd stjórnar foreldraráðs,
Ólafur Guðmundsson
Davíð Sveinsson

Knattspyrna yngri flokka

Stjórn foreldrafélagsins árið 2009 skipuðu:

Herborg Sigríður Sigurðardóttir formaður

Guðný Pálsdóttir gjaldkeri gjaldkeri

Dóra Björk Sigurðardóttir

Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi Snæfells í fótboltasamstarfinu

Monika Axelsdóttir fulltrúi Snæfells í fótboltasamstarfinu

Að auki var Dóra Björk Sigurðardóttir fulltrúi Snæfells í fjáröflunarnefnd 4. fl kv en þær fóru til Gautaborgar á Gothia Cup leikana.

Sigurður Már Eggertsson þjálfaði alla flokka Snæfells til 31. maí 2009. Í febrúar fór Sigurður Már í þriggja vikna frí og þjálfuðu Ejub Purisevic og Arnar Guðlaugsson á meðan.

Í vor var auglýst eftir þjálfara og 1. júní tók Ejub Purisevic við sem þjálfari og valdi hann Andra Frey Hafsteinsson sem aðstoðarþjálfara úr hópi umsækjanda.

Andri Freyr tók síðan við allri fótboltaþjálfun hjá Snæfelli 1. september. Hann fór á þjálfaranámskeið hjá KSÍ og tók 1. stig í október og 2. stig í nóvember.



Árið 2009 hélt samstarf Umf. Snæfells, Umf. Grundarfjarðar og Umf. Víkings/ Reynis áfram. Það samstarf hefur gengið mjög vel og krakkarnir náð góðum árangri.

Fótboltadeild Skallagríms bað um samstarf við okkur í 3. fl ka á Íslandsmótinu sl sumar en hvorki þeir né við náðum í 11 manna lið í þessum aldursflokki. Við þáðum boðið og gekk þetta ágætlega. Ef framhald verður á vitum við alla vegana hvaða hnökra við þurfum að laga.

Markmiðið er enn sem fyrr að þróa samstarfið enn frekar og bæta fótboltann á Snæfellsnesi enn meira.

Í byrjun ársins fór Alfreð Már Hjaltalín á úrtaksæfingu hjá U16 landsliðinu. Það eru mörg ár síðan leikmaður Snæfells

hefur verið kallaður á æfingu hjá landsliði.

Foreldrafélagið sá um að krakkarnir gengu í hús, söfnuðu og rukkuðu inn áheiti vegna áheitahtlaups Fótboltasamstarfsins. Einnig fengum við krakkana til að ganga í hús og selja kerti fyrir páskana og jólin fyrir foreldrafélag knattspyrnu-deildar Snæfells.

Sá fáheyrdi atburður átti sér stað á Dönskum dögum að íþróttavöllurinn var notaður fyrir unglingatjaldstæði. Eins og öllum hefði mátt fyrirfram vera ljóst, var völlurinn skemmdur, stórhættulegur, og algerlega ónothæfur á eftir. Leikur sem átti að fara fram á vellinum fimm dögum seinna var fluttur á Ólafsvíkuvöll og ekki var keppt meira á vellinum í sumar.

Hreinsun vallarins lauk tveimur vikum seinna þegar hópur foreldra tók sig saman og leitaði völlinn með viðurkenndri leitaraðferð, Grid search, en þá gengur hópur fólks öxl í öxl og lúsleitar svæðið, fyrst langsum og síðan þversum.

Ólafur Guðmundsson yfirlögregluþjónn stjórnaði aðgerðum.

Við þessa leit varð mönnum ljóst að fólk hafði gert sér það að leik að ýta glerbrotum niður í grassvörðinn og því var ákveðið að endurtaka leitina næsta vor þegar frost hefur farið úr jörðu. Þegar því er lokið munu menn frá KSÍ koma og taka út völinn og í framhaldi af því verður ákveðið hvort leyfi fæst fyrir því að spila leiki á Íslandsmótinu á vellinum næsta sumar.

Foreldrafélagið var að vonum ákaflega óánægt með þessa ráðstöfun, það er ekki hagur foreldra hér að fá enga heima-leiki, svona fyrir utan þau „ópægindi“ sem það hefði í för með sér fyrir þann sem lenti í því að rista upp á sér fætturna á glerbroti eða tjaldhæl.

Foreldrafélagið sendi bréf til bæjarstjórnar og kom skoðunum sínum á framfæri.

Bæjarstjórn hefur ákveðið að ráða starfsmann til að vinna á vellinum næsta sumar.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélagsins
Monika Axelsdóttir

Meistaraflokkur karla

Frá árinu 2002 hefur Snæfell sent lið í 3. Deild Íslandsmóts karla í knattspyrnu. Liðið lá niðri um nokkurra ára skeið um aldamótin. Á ýmsu gekk þessi ár, fyrir tveimur árum síðan óttuðust menn að ná ekki í lið og 2008 var treyst á vini og kunningja sunnan heiða til að manna liðið í útileikjum.

Í ársbyrjun virtist mögulegt að liðið yrði skipað Snæfellingum eingöngu. Fjórir nýir leikmenn gengu til liðs við félagið. Í Deildarbikarnum léku alls 23 leikmenn 3 leiki fyrir félagið, flest allir búsettir í Stykkishólmi, Grundarfirði, eða annars staðar á Snæfellsnesinu. Þær vonir reyndust byggðar á sandi: illa gekk í fyrstu þremur leikjunum, sem töpuðust allir með miklum mun. Æfingasókn var léleg og t.a.m. tóku leikmenn ekki í mál að stunda útihlaup en mættu í innanhússfótbolta tvisvar í viku. Til samanburðar má nefna að andstæðingarnir æfðu margir hverjir a.m.k. 4 sinnum í viku utanhúss frá því í nóvember 2008. Upplausn var komin í hópinn, margir af lykil mönnum fyrri ára yfirgáfu skútuna. Í apríl tókum við þá ákvörðun, sem okkur þótti einsýn,

að draga liðið út úr keppni í Íslandsmótinu í knattspyrnu karla, 3. deild C. KSÍ sýndi okkur þann skilning að sekta félagið ekki fyrir þá ráðstöfun þó til þess væru fullar heimildir.

Að sami skapi mætti liðið ekki í leik gegn Ými í Deildarbikarnum þann 26. apríl. Þessa ákvörðun tóku leikmenn með því að tilkynna þjálfaranum, Páli Margeir Sveinssyni, að þeir vildu ekki spila þennan leik. Það hafði í för með sér að KSÍ dæmdi félagið til sektargreiðslu, að upphæð 30.000 kr. til KSÍ og aðrar 30.000 kr. til andstæðinga, þ.e. HK/Ýmis.

Ekki hefur verið rætt um að endureisa meistaraflokk karla fyrir keppnistímabilið 2010.

Eldri flokkur karla

Eldri flokkur keppti við Ólafsvíkinga og Grundfirðinga í innanhúss knattspyrnu í janúar og var mótið haldið hér í Stykkishólmi. Þrátt fyrir að mæta með fjölmennasta hópinn varð Snæfell neðst að þessu sinni eftir jafna og spennandi keppni. Ólafsvíkingar fóru með sigur að hólmi í þetta sinn.

Eldri flokkur æfði tvisvar í viku á gervigrasi á vordögum. Að venju tóku menn sér frí yfir sumarmánuðina til að sinna öðrum áhugamálum, s.s. hestamennsku og golfi. Í ágúst samdist um að Eldri flokkur fengi 1 tíma innan húss (þriðjudegskvöld) og hafa 10-14 manns sótt þá tíma til þessa. Einnig hefur utan húss æfing haldið sínum sess á fimmtudegskvöldum. Hefur ástundun verið stöðug og góð í haust og fram yfir áramót.

Virðingarfyllst, Jón Einar Jónsson
formaður knattspyrnudeildar Snæfells

Blakdeild Snæfells

Mikil vakning hefur orðið hjá kvenþjóðinni hér í Hólminum á blakíþróttinni. Nú er svo komið að á skrá hjá okkur eru um 25 stúlkur og er það frábært að fá nýtt fólk sem sýnir bæði áhuga og vill skemmta sér með okkur. Þjálfari okkar eins og í fyrra er Haukur Garðarsson sem hefur staðið með okkur eins og klettur og verið á tímum launalaus þar sem fjárhagur deildarinnar er ekki búinn að vera upp á marga fiska.

Æfingar hjá blakdeildinni í vetur eru þrisvar í viku, á mánudögum kl. 21, á miðvikudögum kl. 20 og svo höfum við



verið að mæta á sunnudagsmorgnum kl. 11.

Við höfum tekið þátt í nokkrum mótum og má þar nefna Piparkökumót Fylkis sem haldið var í desember. Þann 21. nóvember 2009 héldum við blakmót hér í Stykkishólmi. Styrktaraðili mótsins var Marz sjávarafurðir ehf. og voru 10 lið voru skráð í mótið. Ekki má gleyma 34. Öldungamóti BLÍ sem haldið var að þessu sinni á Seyðisfirði og á Egilstöðum í apríl/maí 2009.

Nú í vetur tókum við þátt í 3. deildarkeppni þar sem keppt er á ýmsum stöðum ek. „tournering“ eins og tíðkast í körfunni og víðar! Fyrsta helgin var 30. október 2009 að Varmá í Mosfellsbæ og verður næsta tournering 26. febrúar 2010 á Hvolsvelli.

Æfingagjöldin voru hækkuð í ár úr kr. 7.500. í kr. 9.000 til þess að rétta fjárhag deildarinnar. Ekki hefur verið mikið um fjáraflanir en þær tekjuöflunarleiðir sem farið hefur verið í eru m.a. einn kökubasar auk þess höfum við lagt á fyrirtæki með sníkjum. Kunnum við þeim fyrirtækjum sem hafa stutt okkur miklar þakkar fyrir.

Stofnuð var Facebook síða þar sem settar eru inn tilkynningar um breytta æfingatíma sem og aðrar tilkynningar sem við koma blakinu, einnig hafa verið settar þar inn myndir sem teknar hafa verið á mótum.

Dómaranámskeið var haldið í Grundarfirði 3. Október og voru tveir einstaklingar frá okkur sem fóru á það námskeið og eru komin með héraðsdómararéttindin frá BLÍ.

Stjórn:

Elísabet Valdimarsdóttir
Berglind Þorbergsdóttir
Hrefna Frímannsdóttir
Skemmtinefnd:
Steinunn María Þórsdóttir

Þjálfari:

Haukur Garðarsson

Fyrir hönd stjórnar Blakdeildar Snæfells
Elísabet og Berglind

Sunddeild Snæfells

Starfsemi deildarinnar árið 2009 var ekki eins öflug og undanfarin ár. Ekki var farið á mörg mót en æfingar þó stundaðar af kappi. Fjöldinn er svipaður og undanfarin ár eða ca 15 börn og unglingar. Þjálfari deildarinnar er María Valdimarsdóttir. Æft var allt árið (að undanskildu vetrarfrí í janúar og febrúar) og eru æfingar einu sinni í viku.

Barna- og unglingamót HSH átti að halda 22. júní í Stykkishólmi. Sundlaugin í Grundarfirði var opnuð í kringum 17. júní og því var ákveðið að fresta mótinu fram í ágúst. Erfitt var að finna dagsetningu sem hentaði öllum og það fór því svo að ekkert sundmót var haldið á vegum HSH sumarið 2009.

Unglingalandsmót UMFÍ var að þessu sinni haldið á Sauðárkróki. Tveir keppendur voru frá sunddeild Snæfells, Hrefna Rós og Magnús Ingi. Þau stóðu sig vel en þau kepptu bæði í öðrum íþróttagreinum og hlupu oft á tíðum milli keppnisstaða.

Farið var á Lionsmót UMSB sem haldið var í innlauginni í Borgarnesi 7. - 8. nóvember. Mót þetta er haldið fyrir 12

ára og yngri og fá allir þátttakendur verðlaunapening. Engin úrslit eru gefin upp á mótinu sjálfu en þjálfarar fá þau send að móti loknu. Okkar krakkar stóðu sig mjög vel og voru oft meðal 3ja efstu. Þeir sem fóru á mótið voru: Valdimar Hannes, Halldóra Kristín, Anna Soffía og Árpóra Ingibjörg. Þar sem fjárhagur sunddeildarinnar er ekki uppá sitt besta var ákveðið að gista í sumarbústað í Skorradal sem fékkst endurgjaldslaust :).

Fh. sunddeildar
María Valdimarsdóttir

Íþróttaskóli fatlaðra

Íþróttaskóli fatlaðra gefur þeim krökkum sem búa yfir einhverskonar fötlun tækifæri á því að fá að njóta sín, hafa gaman og læra eitthvað nýtt. Markmið íþróttaskólans er að hjálpa krökkunum að efla tengsl sín og samskipti við aðra krakka, bæði innan og utan íþróttatímans. Í íþróttaskólanum eru krökkunum kynntir alls konar leikir og því um líkt sem hjálpar þeim að bæta einbeitingu og samhæfingu. Í dag eru 7 krakkar sem mæta í tímana og hefur þeim fjölgað upp á síðkastið.

Lárus Kazmi

Íþróttaskóli Snæfells

Íþróttaskólinn starfaði eingöngu frá janúar og fram á vor. Æfingarnar voru á laugardögum í klukkutíma í senn og mættu um tuttugu börn á aldrinum 3-5 ára.

Eydís Bergmann Eypórsdóttir

Siglingadeild Snæfells

Siglingadeildin var með kennslu á seglbáta eins og undanfarin ár fyrir börn 9 ára og eldri. Þátttaka var mjög góð og var greitt fyrir um 70 þátttakendur, sem er um þreföldun á þátttakendum frá fyrra ári.

Um kennsluna sáu tveir ungir heimamenn þeir Benjamín Óskarsson og Símon Sigurðsson þeim til aðstoðar á fylgdarbáti, voru heiðursmennirnir Tryggvi Gunnarsson og Gísli Kristjánsson. Fylgdarbatinn (Zodiak) fengum við að láni hjá Tryggva Gunnarssyni og er það mikill stuðningur við deildina. Laun Tryggva eru greidd af deildinni, en önnur laun eru greidd af Stykkishólmsbæ og metum við mikils þá góðu samvinnu. Við horfum bjartsýn á framtíðina og stefnum að eflingu deildarinnar.

Guðbrandur Björgvinsson



Ungmennafélagi Staðarsveitar

Stofnað 1912



Starfsemi UMF. Staðarsveitar er í sögulegu lágmarki núna og því lítið að skrifa um En endurlífgun stendur til og við verðum vöknuð hressilega til lífsins á 100 ára afmælinu.

Kveðja
Kristján Þórðarson

Ungmennafélagið Víkingur

Stofnað 1928



Sunddeild Víkings

Sunddeildin býður krökkum og unglingum upp á æfingar á þriðjudögum og fimmtudögum kl 16:10-17:10 í sundlaug Snæfellsbæjar. Það eru 15 iðkendur skráðir á sundæfingar. Sundþjálfarinn er Steinunn Alva Lárusdóttir og tók hún við af Hörpu

Finnsdóttur nú um áramótin. Í sundráði eru :

Kristín Ágústsdóttir og

Rakel Gunnarsdóttir.

Blak yngri flokka


Starfsemi yngri flokkanna í blaki (krakkablakið) var með frekar hefðbundnu sniði á árinu. Fjöldi iðkenda er 50-60 talsins á aldrinum 8-16 ára og hefur sá fjöldi verið nokkuð stöðugur síðustu 2 árin. Viðar Gylfason sér um þjálfun eldri hópsins, þ.e. 3. 4. og 5. fl eins og undanfarin ár en Kolbrún Ívarsdóttir hóf að þjálfa 6. og 7.flokk sl haust og hafa 3 krakkar úr eldri hópnum aðstoðað hana við æfingar, þau Hilmar Leo Antonsson, Katrín Sara Reyes og Jóhanna Jóhannesdóttir sem öll hafa stundað blakið síðastliðin ár með góðum árangri.

Þátttaka í mótum var hefðbundin, á seinni hluta Íslandsmótsins 2009 í vor sem var haldið á Akureyri fór stór hópur á vegum Víkings/Reynis og stóð sig með mikilli þrýði. Við lönduðum 2 Íslandsmeistararitlum í 5.flokki drengja og 4.flokki pilta og stóðu krakkarnir sig allir mjög vel og voru öllum til sóma. Á fyrri hluta Íslandsmótsins haust 2009 sendi Víkingur/Reynir einungis 1 lið í 3.flokki stúlkna og stóðu stelpurnar sig vel að venju og enduðu í 3.sæti. Einnig



keppti Hilmar Leo Antonsson okkar maður með liði KA. Að loknu þessu móti voru 3 krakkar frá Vík/Reyni valin í úr-
tökuhóp við landsliðið, þau Hilmar Leo Antonsson, Katrín
Sara Reyes og Jóhanna Jóhannesdóttir. Hilmar Leo var svo
valin í landsliðið og fór til Danmerkur í desember og tók
þátt í Norðurlandamóti, frábær árangur það og erum við
ótrúlega stolt af krökkunum okkar og ekki amalegt að hafa
slíkar fyrirmyndir fyrir þau yngri _

Ekkert lið fór á fyrri hluta Íslmótsins hjá yngri flokkum.
Þátttaka var mjög dræm og á endanum var tekin sú ákvörð-
un að engin lið færu á vegum Víkings/Reynis að þessu
sinni. Blakráðið sótti um styrk á vegum Alcoa til þess að
fara þessa ferð en fékk synjun. Þótti okkur mjög miður að
ekki hafi verið farið á Neskaupsstað þar sem við höfum yf-
irleitt farið með hóp af krökkum sem og Norðfirðingar ver-
ið dugleg að heimsækja okkur hingað vestur. Líklega er
skýringin margþátta s.s. mikill kostnaður, langt ferðalag, og
veðurfar á þessum tíma en sá grunur læðist að okkur að



fleiri hefðu skráð sig ef um vormánuði hefði verið að ræða
þá aðlaga vegna ferðafærðar en við höldum í vonina með
að 3.flokks stelpurnar okkar landi titli í vor þar sem þær
lentu í 3.sæti á Norðfirði _

Önnur mót sem var farið á, á síðasta ári voru æfingamót
Aftureldingar þar sem lið frá Víking/Reyni sópaði að sér
verðlaunum í 5. og 6.flokk stúlkna og drengja og urðu í 1.
sæti í öllum flokkum sem þau spiluðu í. Glæsileg frammi-
staða!

3. og 4. flokkur stúlkna og drengja fór á afmælistímót Aftur-
eldingar sem var haldið í mars og unnu þar einnig til verð-
launa í sínum flokkum 1. og 2.sæti.

6. og 7. flokkur fór á Krakkamót HK í desember s.l og stóðu
þau sig frábærlega vel að venju, 2 lið lönduðu 1.sæti, 2 lið
2. sæti 1 lið 3ja sæti og 1 lið hafnaði í því fjórða.

Að lokum var svo Jóhann Eiríksson Víking/Reyni valinn
blakmaður ársins hjá HSH og erum við afar stolt af því _ en
hann hefur æft blak frá því að krakkablað hófst hér í Snæ-
fellsbæ komið að því með margvíslegum hætti og er þeim
yngri góð fyrirmynd.

Vonandi heldur blakstarfið hjá Víking/Reyni áfram að dafna
á komandi árum sem og á undanförunum árum en stórum

hluta af því góða starfi sem unnið er, er dyggum foreldrum
að þakka.

Við erum með flottan hóp af metnaðarfullum krökkum sem
hafa sýnt það og sannað að þau eru alls staðar til fyrir-
myndar innan vallar sem utan og eiga svo sannarlega fram-
tíðina fyrir sér _

F.h. foreldraráðs krakkablaðsins
Júníana B. Óttarsdóttir, formaður

Ungmennafélagið Reynir

Stofnað 16. júlí 1934



Í stjórn Reynis eru :

Karen Olsen, Formaður

Póra Olsen , Varaformaður

Sigurbjörg Kristinsdóttir, gjaldkeri.

Á liðnu starfsári hefur verið áframhal-
dandi samstarf við Víking Ólafsvík og
hefur það gengið vel. Samstarf félaganna mun halda áfram
á komandi starfsári og verða engar breytingar á því. Eins
og önnur ungmennafélög er ungmennafélagið Reynir rekið
af mestu af æfingargjöldum sem duga þó ekki til og þess
vegna þarf félagið að standa fyrir ýmsum fjáröflunum, til að
standa undir rekstrarkostnaði og þjálfarakostnaði. Nú í
sumar verður mikil fjáröflun í tilefni þess að Sandaragleði
verður haldin 9-11 júlí 2010. Þá verður meðal annars
gervigras fótboldmót, ball og ýmislegt fleira sem þó er ekki
fullskiptilagt ennþá. Einnig höfum við verið með til sölu
eldhúsrúllur og WC pappír. Í haust er stefnt að því að
endurvekja hina vinsælu spurningarkeppni sem var haldin
hér á árum áður, og verður stefnan að byrja hana í haust.
Þann 6. mars næstkomandi er svo hin árlega góugleði hjá
okkur í Reyni og má búast við einhverjum hagnaði fyrir
ungmennafélagið af henni. Þar munu Lions konur sjá um
matargerðina og skemmtiatriði eru í höndum heimamanna,
sem gefa alla sína vinnu. Loks verður ball með
hljómsveitinni Ungmennafélaginu og mun Kalli Bjarni
fyrirverandi Idol stjarna taka með þeim einhver lög.
Nú standa svo yfir breytingar hjá stjórninni í ungmen-
nafélaginu, við erum að reyna að fá fólk til að vinna í
stjórninni, og með henni, og stokka upp allt starfið. Við
þurfum að fá fleira fólk sem er með börnin sín í íþróttum til
að aðstoða við fjáraflanir svo öll vinnan sé ekki aðeins á
þeim sem eru í stjórn. Það er því dálítill vinna fólgin í því
hjá okkur þessa dagana.

Að lokum þökkum við öllum sem hafa komið að starfi ung-
mennafélagsins síðtliðið ár og vonum við að það verði enn
betra á komandi ári.

Karen Olsen



STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík steinprent @simnet.is
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

**Héraðssamband
Snæfellsness og Hnappadalssýslu**



Ársreikningur árið 2009

Á r i t a n i r

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum skoðað ársreikninga HSH fyrir árið 2009 og ekkert fundið athugavert. Við leggjum til að ársreikningur 2009 verði samþykktur.

Grundarfirði

Staður

19.02.2010

dagsetning

Gunnar Kristjánsson

Kristján Guðmundsson

Undirskrift formanns eða gjaldkera

Rekstrarreikningur fyrir árið 2009

1. Tekjur	2009	2008
1.1 Rekstrartekjur	3.059.477	2.879.101
1.2 Önnur framlög og styrkir	2.718.092	2.557.784
1.3 Aðrar tekjur	0	25.500
Tekjur alls	<u>5.777.569</u>	<u>5.462.385</u>
2. Gjöld		
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	604.118	1.016.015
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs	2.790.864	1.555.994
2.4 Annar rekstrarkostnaður	3.220.267	2.382.729
Gjöld alls	<u>6.615.249</u>	<u>4.954.738</u>
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði	(837.680)	507.647
2.5 Afskriftir fastafjármuna	(30.540)	(30.540)
2.8 Fjármunatekjur	27.531	51.411
2.9 Fjármagnsgjöld	0	(78.045)
Afskriftir og fjármagnsliðir alls	<u>(3.009)</u>	<u>(57.174)</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>(840.689)</u>	<u>450.473</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

3. Eignir	2009	2008
Fastafjármunir		
3.1 Skrifstofubúnaður	40.600	71.140
Fastafjármunir samtals	40.600	71.140
Veltufjármunir		
3.2 Vörubirgðir	123.500	123.500
3.4 Skammtímakröfur	0	518.421
	123.500	641.921
3.5 Handbært fé	556.659	533.474
Veltufjármunir samtals	680.159	1.175.395
Eignir alls	720.759	1.246.535
 4. Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
4.1 Eigið fé í ársbyrjun	39.211	(411.262)
4.2 Hagnaður (tap) ársins	(840.689)	450.473
Eigið fé samtals	(801.478)	39.211
Langtímaskuldir		
4.3 Veðskuldir	0	0
4.4 Aðrar langtímaskuldir	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
4.5 Skuld við félagasamtök	1.522.237	1.207.324
4.6 Skuld við lánastofnanir	0	0
4.8 Aðrar skammtímaskuldir	0	0
	1.522.237	1.207.324
4.8 Afborganir af langtímaskuldum	0	0
Skammtímaskuldir samtals	1.522.237	1.207.324
Skuldir og eigið fé alls	720.759	1.246.535

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2009

Rekstrarhreyfingar:	2009	2008
Hagnaður (tap) ársins	(840.689)	450.473
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum	0	0
Afskriftir	30.540	30.540
Veltufé frá rekstri	(810.149)	481.013
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir lækkun, (hækkun)	0	10.000
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)	518.421	135.171
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun)	314.913	(131.432)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	833.334	13.739
Handbært fé frá rekstri	23.185	494.752
Fjárfestingahreyfingar:		
Kaup á fastafjármunum		
Aðrar fjárfestingahreyfingar		0
Fjárfestingahreyfingar alls	0	0
Fjármögnunarhreyfingar:		
Tekin ný langtímalán	0 0	0
Afborganir af langtímalánum	0	0
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	23.185	494.752
Handbært fé í ársbyrjun	533.474	38.722
Handbært fé í árslok	556.659	533.474

Skýringar og sundurliðanir

Sundurliðun tekna 2009

	2009	2008
1.1 Rekstrartekjur		
1.1.1 Lottó	3.059.477	2.525.464
Getraunir	0	353.637
Rekstrartekjur	3.059.477	2.879.101
1.2 Önnur framlög og styrkir		
1.2.1 Styrkur frá Héraðsnefnd	1.500.000	1.553.700
1.2.2 Útbreiðslustyrkir ÍSÍ og UMFÍ	183.292	322.784
1.2.3 Mótteknir styrkir	0	360.000
1.2.4 Skattur aðildarfélaganna	351.300	321.300
1.2.5 Þátttöku og búningagjöld v/ULM 2009	618.000	0
1.2.6 Endurgreidd gisting	65.500	
Önnur framlög og styrkir	2.718.092	2.557.784
1.3 Aðrar rekstrartekjur		
1.3.1 Seldur íþróttafatnaður	0	25.500
1.3.2 Seldar aðrar vörur	0	0
1.3.3 Aðrar tekjur	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	25.500

Sundurliðun gjalda

	2009	2008
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
2.1.1 Laun	480.000	898.950
2.1.2 Mótframlag í lífeyrissjóð	38.400	35.957
2.1.3 Tryggingagjald	37.401	53.938
2.1.4 Dagpeningar	24.200	0
2.1.5 Bifreiðastyrkir	0	27.170
2.1.6 Önnur launatengd gjöld	24.117	0
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	604.118	1.016.015
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs		
2.3.1 Verðlaun	57.079	52.300
2.3.2 Ferðakostnaður, gisting og uppihald	92.959	67.600
2.3.3 Þátttökugjöld	99.975	53.500
2.3.4 Lottó til aðildarfélaganna	1.522.237	947.858
2.3.5 Unglingalandsmót	625.963	0
2.3.6 Keyptur íþróttafatnaður	246.651	258.290
2.3.7 Veittir styrkir vegna íþróttastarfs	146.000	153.000
2.3.8 Aðkeypt þjónusta	0	13.446
2.3.3 Birgðabreyting	0	10.000
Kostnaður vegna íþróttastarfs	2.790.864	1.555.994

Sundurliðun fyrir ársreikning

2.4 Annar rekstrarkostnaður		
2.4.1 Verktakagreiðslur til framkvæmdastjóra	1.100.000	750.000
2.4.2 Sími og burðargjöld	96.598	132.252
2.4.3 Kostnaður vegna funda og námskeiða	336.049	32.189
2.4.4 Reikningsleg aðstoð	192.950	188.568
2.4.5 Pappír, ritföng og prentun	273.394	273.111
2.4.6 Auglýsingar	8.715	10.209
2.4.7 Áskrift	0	161.369
2.4.8 Viðhald áhalda og hreinsun á merkjum	92.402	21.511
2.4.9 Tryggingar	6.558	9.432
2.4.10 Fjármögnunarleiga á bifreið	776.275	501.131
2.4.11 Félagsgjöld UMFÍ	0	0
2.4.12 Leiga á húsnæði	0	197.766
2.4.13 Rekstur bifreiðar	180.851	61.644
2.4.14 Námskeið	0	0
2.4.15 Tölvukostnaður og internet	96.009	0
2.4.16 Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	5.933	5.700
2.4.17 Gengismunur	0	
2.4.18 Annar kostnaður	54.533	37.847
Annar rekstrarkostnaður	3.220.267	2.382.729

Sundurliðun efnahags

	2009	2008
3.1 Skrifstofubúnaður		
3.1.1 Stofnverð í ársbyrjun	571.502	571.502
3.1.2 Afskrifað áður	-500.362	-469.822
3.1.3 Afskrifað á árinu	-30.540	-30.540
3.1.4 Annað	0	0
Skrifstofubúnaður	40.600	71.140

Veltufjármunir

3.2 Vörubirgðir		
3.2.1 Búningabirgðir	53.500	53.500
3.2.2 Verðlaunapeningar	70.000	70.000
	123.500	123.500

3.4 Viðskiptakröfur		
3.4.1 UMFÍ vegna Lottó í desember	0	164.784
3.4.2 Íslenskar getraunir	0	353.637
3.4.3 Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	0	0
Viðskiptakröfur	0	518.421

Handbært fé

3.5 Landsmótssjóður	0	11.980
3.9 Bankainnstæður og sjóðir	556.659	521.494
Handbært fé	556.659	533.474

4.1 Endurmatsreikningur		
4.1.1 Endurmatsreikningur 1/1	0	0
4.1.2 Endurmat ársins	0	0
Endurmatsreikningur 31/12	0	0

Sundurliðun fyrir ársreikning

4.2 Óráðstafað eigið fé

4.2.1 Óráðstafað eigið fé 1/1	39.211	-411.262
4.2.2 Rekstrarafkoma ársins	-840.689	450.473
Óráðstafað eigið fé 31/12	-801.478	39.211

Skuldir

4.3 Ógreidd laun og launatengd gjöld	0	0
4.4 Aðrar langtímaskuldir	0	0
4.5 Skuld við aðildarfélög vegna Lottó	1.522.237	1.207.324
4.6 Skuldir við lánastofnanir	0	0
4.7 Næsta árs afborganir	0	0
4.8 Aðrar skammtímaskuldir	0	0
Skuldir samtals	1.522.237	1.207.324



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS HF.



SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík

- fyrir þig og þína

Sími: 430 7003 | Fax: 430 7001